

Jöfnunarsjóður aðstoði við að tryggja Grindvíkingum búsetu á Suðurnesjum

Oftar en ekki í næsta nágrenni

Krambúðin



Sæpa
OPIÐ Á HRINGBRAUT
ALLAN SÓLARHRINGINN

VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 24. JANÚAR 2023 // 4. TBL. // 45. ÁRG.

ÍTARLEG UMFJÖLLUN UM MÁLEFNI GRINDAVÍKUR

■ Sjá umfjöllun á síðum 2, 4, 8, 9, 10, 11 og 12 ■ Dagleg umfjöllun á vef Vikurfrétta, vf.is



Spáir í náttúruna við Grindavík

Miðopna



Síða 10

Vill leggja sitt af mörkum í að bæta umferðaröryggi



Síða 14

Vonandi næ ég að styrkja liðið



Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri Reykjanesbæjar, Magnús Stefánsson bæjarstjóri Suðurnesjabæjar, Páll Erland forstjóri HS Veitna og Jóhann Friðrik Friðriksson stjórnarformaður HS Veitna skáluðu í fersku vatni úr nýju borholunni við Árnarétt í Suðurnesjabæ. VF/pket

Skálað í vatni fyrir nýju varavatsnbóli

„Þetta gekk alveg ótrúlega vel með sameiginlegu átaki margra aðila. Ljóst er að verði neysluvatnslaust vegna náttúruhamfara yrðu afleiðingarnar neyðarástand þar sem neysl vatn er grunn forsenda þess að hægt sé að halda uppi búsetu og atvinnustarfsemi á svæðinu. Því er mikilvægt að tryggja svæðinu öruggt aðgengi að neysl vatni,“ sagði Páll Erland, forstjóri HS Veitna en varavatsnból fyrir neysl vatn við Árnarétt í Garði í Suðurnesjabæ er nú tilbúið.

Í tengslum við jarðhræringar og eldgos á Reykjanesi og möguleg áhrif þeirra á vatnsbólið að Lágum við Svartsengi, sem sér bæði Reykjanesbæ og Suðurnes-

jabæ fyrir neysl vatni, hafa HS Veitur unnið að því í samvinnu við Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og stjórnvöld að gera ráðstafanir til þess að koma upp varavatsnbóli

við Árnarétt í Garði sem nýst getur þeim 25 þúsund íbúum og fyrirtækjum sem þar eru.

Mætti fyrirtækið góðum skilningi frá stjórnslunni um flýti-meðferð á tilskyldum leyfum til að hefja borun og uppsetningu varavatsnbóls og hófust framkvæmdir þann 20. nóvember sl. og hafa fjölmargir verktakar unnið stanslaust að verkinu síðan þá. Áætlað er að kostnaður við varavatsnbólið nemi um 140 milljónum króna.



VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

ALLT
FASTEIGNASALA



DÍSA
DISA@ALLT.IS
560-5510



ÁSTA MARÍA
ASTA@ALLT.IS
560-5507



HELGA
HELGA@ALLT.IS
560-5523



ELÍNBOG ÓSK
ELINBOG@ALLT.IS
560-5509



UNNUR SVAVA
UNNUR@ALLT.IS
560-5506



ELÍN
ELIN@ALLT.IS
560-5521



HAUKUR
HAUKUR@ALLT.IS
560-5525



SIGURJÓN
SIGURJON@ALLT.IS
560-5524



PÁLL
PALL@ALLT.IS
560-5501

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

Aðgerðir til að tryggja örugga framtíð Grindvíkinga

Ríkisstjórnin hefur kynnt áform um aðgerðir sem miða að því að skapa forsendur fyrir öruggari framtíð fyrir Grindvíkinga og eyða þeirri óvissu sem hefur verið vegna fordæmalausra aðstæðna. Aðgerðirnar snúa að því að gera Grindvíkingum kleift að koma sér upp öruggu heimili, tryggja örugga afkomu og aðstoð við að bjarga verðmætum.

Frá því að atburðarásin sem enn er í gangi í Grindavík hófst þann 10. nóvember sl. hefur ríkisstjórnin fylgst grannt með stöðu mála. Í ljósi umfangs verkefnisins og áhrifa þess á hagkerfið, hefur ríkisstjórnin fundað með fjölmörgum aðilum í aðdraganda ákvörðunarinnar. Auk þess að funda með íbúum bæjarins og bæjarstjórn hefur ríkisstjórnin fundað með Veðurstofu Íslands, Náttúruhamfaratryggingu Íslands, Seðlabanka Íslands, almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun auk fjölda jarðvísindafólks og sérfræðinga innan og utan Stjórnarráðsins. Fyrir dag funduðu forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og innviðaráðherra með bæjarstjórn Grindavíkur um þá ákvörðun sem nú er greint frá. Þá funduðu þau einnig með forystufólki allra flokka á Alþingi.

Markmið aðgerðanna eru eftirfarandi:

Örugg heimili

Ríkið mun skapa forsendur fyrir Grindvíkinga til að koma sér upp öruggu heimili á eigin forsendum. Ríkið mun gefa Grindvíkingum kost á að leysa út þá fjármuni sem bundnir eru í íbúðarhúsnæði þeirra auk þess að grípa til aðgerða til að tryggja framboð á íbúðarhúsnæði fyrir Grindvíkinga.



Hraunstraumurinn rennur inn í Efrahóp í Grindavík sunnudaginn 14. janúar. Ljósmynd: Árni Sæberg

Óvissu vegna íbúðarhúsnæðis eytt: Í ljósi þeirrar alvarlegu stöðu sem uppi er í Grindavík og þeirrar óvissu sem ríkir um búsetu í bænum á næstunni hefur ríkisstjórnin ákveðið að bjóða upp á að einstaklingar geti nýtt fjármuni sem nú eru bundnir í húsnæði þar til fjármögnun nýrra heimila, óski þeir eftir því.

Framboð á húsnæði: Unnið verður markvisst að því að tryggja framboð á varanlegu húsnæði fyrir Grindvíkinga. Í því felst meðal annars að ríkið mun ráðast í uppbyggingu á húsnæði á tilteknum svæðum auk þess að skapa forsendur sem tryggja Grindvíkingum forgang að húsnæði. Einnig er unnið að því að þrengja skilyrði varðandi skammtímaútleigu íbúða.

Skammtíma húsnæði: Áfram verður unnið að því að tryggja Grindvíkingum húsnæði þar til þeir geta komið sér fyrir í varan-

legu húsnæði. Briet mun kaupa 50 íbúðir til viðbótar við þær 80 sem keyptar voru í desember og þær 70 sem unnið er að kaupum að þessa dagana. Jafnframt vinnur Bjarg íbúðafélag að því að kaupa 60 íbúðir fyrir Grindvíkinga í samræmi við samstarfsyfirlýsingu frá 24. nóvember. Í heild hefur ríkið þannig keypt 260 íbúðir frá upphafi tímabilsins.

Húsnæðislán hjá lífeyrisjóðum: Ríkið mun taka á sig greiðslu vaxta og verðbóta af húsnæðislánum í Grindavík hjá þeim sem kjósa að selja ekki húsnæði sitt til samræmis við aðgerðir bankanna.

Örugg afkoma

Ríkið mun halda áfram að tryggja Grindvíkingum örugga afkomu með húsnæðisstuðningi.

Framfærsla: Afkoma þeirra sem ekki geta sótt atvinnu í Grindavík vegna aðstæðna verður áfram tryggð með framlengingu á stuðningi við greiðslu launa frá ríkinu auk framlags í lífeyrissjóð. Þetta fyrirkomulag verður í gildi til loka júní og verður endurskoðað og framlengt eftir því sem þörf krefur.

Húsnæðisstuðningur: Sértekur húsnæðisstuðningur við Grindvíkinga verður uppfærður og framlengdur til loka júní. Stuðningurinn mun nú miða við fjölda heimilisfólks og verður allt að 90% af kostnaði við leigu í stað 75% áður til að ná betur utan um allan kostnað sem fellur til vegna leigu á húsnæði.

Örugg verðmæti

Frá því í nóvember hafa viðbragðsaðilar nýtt öll tiltæk ráð við að bjarga eins miklum verðmætum

og hægt er frá skemmdum. Unnið verður áfram að því að Grindvíkingar geti fengið aðgengi og aðstoð við að bjarga verðmætum og innbúi frá heimilum sínum og koma í örugga geymslu.

Aðgengi: Áfram verður unnið með almannavörnum, bæjaryfirvöldum og viðbragðsaðilum að gera Grindvíkingum kleift að nálgast heimili sín til þess að sækja innbú og verðmæti þegar aðstæður leyfa.

Flutningar: Stjórnvöld eru að undirbúa samstarf við fyrirtæki sem sérhæfa sig í flutningum sem geta veitt aðstoð til þeirra Grindvíkinga sem ekki hafa tök á að annast slíkt sjálf við sækja verðmæti.

Geymslur: Unnið er að því að veita Grindvíkingum aðstoð við að fá aðgang að öruggu geymsluhúsnæði þar sem hægt er að geyma verðmæti og innbú á meðan þörf krefur.

Framkvæmd aðgerða

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar miðast við að útfærsla aðgerða og nauðsynleg lagafrumvörp muni liggja fyrir eigi síðar en snemma í febrúar að afloknu samráði við Grindvíkinga og aðra hagaðila. Áfram verður unnið náið með bæjarstjórn Grindavíkur að öllum þessum viðfangsefnum og einnig stutt við starfsemi sveitarfélagsins við þessar erfiðu aðstæður. Undirbúningur, greiningarvinna og samtöl við hagaðila er þegar hafin.

Sett verður á laggirnar samráðsnefnd með fulltrúum allra flokka á Alþingi undir forystu fjármála- og efnahagsráðherra þar sem farið verður yfir ólíkar leiðir og útfærslur til að ná þessum markmiðum.

Njarðvíkuræðin að hluta í jörð til að verjast hraunrennsli

Framkvæmdir við að grafa hluta af svokallaðri Njarðvíkuræð í jörð ganga vel, en Njarðvíkuræðin er heitavatnslögnin sem liggur frá orkuverinu í Svartsengi til Reykjanesbæjar. Lögnin fæðir stærstan hluta byggðar á Suðurnesjum með heitu vatni. Verkið er liður í vörnum mikilvægra innviða gegn yfirvofandi náttúruvá á Reykjanesi og hófust framkvæmdir skömmu fyrir áramót. Reynslan af hraunrennsli við Grindavík sýnir að neðanjarðarlagnir geta þolað álagið af heitu hrauni. Þetta kemur fram í tilkynningu frá HS Orku.



Eykur afhendingaröryggi heita vatnsins

Líkt og gerð varnargarðanna við Grindavík og Svartsengi eru framkvæmdir við Njarðvíkuræðina á vegum Almannavarna. Framkvæmdasvið HS Orku tók verkið að sér undir stjórn Sigmundar Bjarka Egilssonar, verkefnisstjóra, sem segir að verkinu miði vel. Samkvæmt hraunflæðilíkönum af svæðinu eru taldar líkur á að hraun ögni lögninni á hluta leiðarinnar frá Svartsengi og því var mikilvægt að bregðast við og huga að vörnum.

Sigmundur Bjarki segir ýmsar leiðir hafa verið ígrundaðar til að verja þennan mikilvæga innvið og auka afhendingaröryggi heita vatnsins: „Þegar ráðist var í þá aðgerð að setja upp varnargarða umhverfis Svartsengi var ljóst að ef kæmi til hraunrennslis þá færi

það hraun yfir hluta heitavatnspípuunnar sem liggur að Reykjanesbæ. Fyrst komu upp hugmyndir um að fergja lögnina en eftir nánari skoðun var það ekki talið ráðlegt því sú aðgerð myndi skemma lögnina. Því var ákveðið að leggja nýja lögn í jörð á 1200 metra kafla þar sem mesta hættan er talin á hraunrennsli.“

Horft til lagnanna undir hrauni við Grindavík

Pípurnar eru lagðar á um tveggja metra dýpi en að öðru leyti eru engar sérstakar ráðstafanir gerðar til að verja þær mögulegum hita. En munu pípurnar þá þola að sjóðandi hraun renni á yfirborðinu rétt ofan við þær? Sigmundur Bjarki er bjartsýnn: „Já, við teljum að lögnin muni þola það og því til staðfestinga þá horfum við til þess hvernig

vatnslagnir meðfram Grindavíkurvegi virðast hafa haldið í hraunrennslinu við Grindavík þann 14. janúar. Það gefur okkur vonir um að þessar varnaraðgerðir muni reynast vel ef til kastanna kemur.“

Búið er að grafa um helminginn af 1200 metra löngum skurðinum og eru pípurnar komnar niður í um helminginn af honum. Suðuvinna fer fram samhliða greftrinum og jafnframt verður byrjað að plasta samskeyti í vikunni. Einnig er eitt hvað af klöpp sem þarf að fleyga. Áætlað er að verkinu verði lokið um mánaðamótin febrúar og mars en allt er gert til þess að flyta framkvæmdum eins og hægt er.

Ekki sjálfgefið að verktakar geti stokkið til með stuttum fyrirvara

Ætla má að um fimmtán manns komi að verkinu í það heila en auk mannafla frá HS Orku eru það verktakafyrirtækin Ellert Skúla, Framtak, Jón og Margeir og Freyðing sem sjá um framkvæmdir. Sigmundur Bjarki segir að ráðist hafi verið í verkið með skömmum fyrirvara og menn hafi brugðist hratt og vel við: „Ég vil fyrst og fremst þakka öllum sem hafa komið að þessu verki. Það er ekki sjálfgefið að hlaupa til og taka svona verk að sér sem þarf að vinnast hratt. Einnig ber að þakka öllum byrgjum, sem hafa aðstoðað okkur við að finna til allt efnið sem þarf í svona verk og þar vil ég nefna Orkuveitu Reykjavíkur, Norðurorku og röra- og lagnafyrirtækið SET.“

Allt hreint
Umhverfissvottuð rástingarpjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

MIKILVÆGI HEILSURÆKTAR FYRIR 60 ÁRA & ELDRÍ

Sporthúsið í Reykjanesbæ býður nú upp á námskeið fyrir 60 ára og eldri undir leiðsögn Önnu Sigríðar Jóhannesdóttur, þjálfara. Heilsuhraust er námskeið þar sem þú færð fjölbreytta heilsurækt með áherslu á styrk og jafnvægi. Notast er við teygjur, eigin líkamsþyngd og létt lóð. Hver tími endurnærir og fyllir þig af orku og vellíðan inn í daginn. Við bjóðum bæði byrjendur og lengra komna hjartanlega velkomna þar sem námskeiðið hentar öllum.

Regluleg hreyfing er öllu fólki mikilvæg og hefur marga kosti fyrir hjarta- og æðakerfi líkamans. Þegar við eldumst verður mikilvægi þess að vera líkamlega virkur og í góðu formi enn meira. Með því að stunda reglubundna heilsurækt bætir fólk hreyfigetu sína og dregið úr hættu á langvinnnum sjúkdómum en mikilvægt er að byrja rólega, hlusta á líkamann sinn og gott er ráðfæra sig við fagaðila þegar farið er af stað.



“ Minnum á að hægt er að nota frístundastyrkinn frá Reykjanesbæ á námskeiðum og líkamsræktarkortum. ”

➔ AF HVERJU HREYFING SKIPTIR MÁLI ÞEGAR VIÐ ELDUMST



Þegar við eldumst fer líkami okkar í gegnum náttúrulegar breytingar sem geta leitt til minni vöðvamassa og minni beinþéttni. Það getur hins vegar verið mikill

ávinningur fyrir eldra fólk að taka þátt í reglulegri heilsurækt, því hreyfing hjálpar til við að vinna gegn hnignandi árhifum á líkamann og bætir lífsgæði fólks á marga vegu.

➔ HREYFING EYKUR LÍFSGÆÐI OG SJÁLFTAUST



Að stunda heilsurækt síðar á ævinni gerir einstaklingum kleift að viðhalda sjálfstæði sínu og njóta meiri lífsgæða. Að vera líkamlega virkur gerir eldra fólk kleift að

taka þátt í daglegum athöfnum, sinna heimilisstörfum og njóta afþreyingar. Það stuðlar að auknu sjálfstrausti, sjálfstæði og almennri vellíðan.

➔ JAFNVÆGI



Að viðhalda góðu jafnvægi er mikilvægt fyrir eldra fólk þar sem það dregur úr hættu á falli, sem getur leitt til alvarlegra meiðsla. Með því að taka þátt í æfingum sem leggja

áherslu á jafnvægi styrkir þú kjarnavöðva líkamans og bætir stöðugleika. Regluleg hreyfing eykur einnig samhæfingu og viðbragðstíma.

➔ ÞOLÞJÁLFUN



Að taka þátt í þolþjálfun hjálpar til við að bæta hjarta-, æða- og lugnastarfsemi, auk þess að dregja út hættu á hjartasjúkdómum og lækkar blóðþrýsting.

Þessir kostir stuðla verulega að lengra og heilbrigðara lífi.

➔ EN HVAD MEÐ VÖÐVA OG BEIN?



Aldurstengt vöðvatap getur leitt til skerts styrks og hreyfigetu einstaklings. Að taka þátt í styrktarþjálfun eins og lyftingum með lóðum eða nota æfingateygjur, getur

hjálpað til við að viðhalda og bæta vöðvamassa. Sterkir vöðvar veita liðum stuðning og draga úr hættu á falli og beinbrotum. Að auki stuðla æfingar með eigin líkamsþyngd, eins og t.d ganga, að því að viðhalda beinþéttni og koma í veg fyrir beinþynningu.

➔ HREYFING OG GEDHEILSA



Heilsurækt gagnast ekki aðeins líkamanum heldur hefur einnig jákvæð áhrif á andlega heilsu og vitræna virkni. Regluleg hreyfing losar hormónið endorfín sem vitað er að

bætir skap og dregur úr einkennum kvíða og þunglyndis. Líkamleg virkni hjálpar til við að bæta heilsu heilans og minni, dregur úr hættu á aldurstengdri vitrænni hnignun og heilabilun.

Heilsurækt er því hreyfing sem ætti að vera í fyrirrúmi fyrir einstaklinga 60 ára og eldri. Eins og bent hefur verið á hér áður býður það, að stunda reglulega hreyfingu og vera líkamlega virkur, upp á ógrynni af ávinningi eins og bættri hjarta- og æðastarfsemi, sterkari vöðvum og beinum, minni hættu á falli, aukinni andlegri heilsu og vitrænni virkni sem og bætt lífsgæði. Það er aldrei of seint að byrja að innleiða hreyfingu í daglegt líf. Heilsurækt ætti að vera hluti af daglegri rúttínu og tryggir þér hamingjusamara og virkara líf þegar þú eldist.

HEILSUHRAUST

NÝTT NÁMSKEIÐ HEFST 6. FEBRÚAR NK.

NÁMSKEIÐIÐ ER Í 6 VIKUR
OG KENNT ER Á ÞRIÐJUDÖGUM OG FIMMTUDÖGUM KL. 9:00

VERÐ Á NÁMSKEIÐI: 24.900 KR

Langar þig að kynna þér þetta frábæra námskeið?
Anna Sigríður verður í Sporthúsinu með heitt á könnunni
fimmtudaginn 1. febrúar milli kl 9:00-11:00

SPORTHÚSIÐ

Anna Sigríður
Jóhannesdóttir

KAFBÁTUR VIÐ KEFLAVÍKURHÖFN



Bandaríski kjarnorkukafbáturinn USS California var á ytri höfninni í Keflavík á mánudaginn þar sem hann fékk þjónustu. Varðskipið Þór og hafnsögubáturinn Auðunn frá Reykjaneshöfn þjónustuðu kafbátinn, auk nokkurra léttabáta, m.a. frá Köfunarþjónustu Sigurðar Stefánssonar. Verið var að skipta út hluta áhafnar kafbátsins. Þá var tekið sörp úr bátum til eyðingar í Köllu og flytja nýjar vistir um borð. USS California er af Virginia-gerð en nýverið voru kynntir samningar um að kjarnorkuknúin kafbátar Bandaríkjahers á norðurslóðum fái þjónustu frá Reykjaneshöfn við það sem talið er upp hér að framan. Meðfylgjandi mynd var tekin þegar kafbáturinn kom á Stakksfjörðinn og ytri höfnina í Keflavík. Ljósmynd: Sigurður Stefánsson



Reykjanes Optikk



Við erum á Aðaltorgi - verið velkomin!

Áratuga reynsla Sjónmælingar
Góð þjónusta Linsumælingar
Falleg vara Sjónþjálfun
Nýjungar í sjónglerjum og tækjum

Tímarpantanir í síma 420-0077 og á heimasíðu www.reykjanesoptikk.is
Fylgdu okkur á Instagram og Facebook @reykjanesoptikk.is

Vilt þú sækja um styrk í spennandi menningarverkefni?



Menningarsjóður Reykjanessbæjar auglýsir eftir styrkumsóknum

Umsóknum þarf að skila rafrænt í síðasta lagi **11. febrúar** nk. í gegnum **Mitt Reykjanes**
Nánar á reykjanesbaer.is

www.reykjanesbaer.is

TILBOÐ ÓSKAST

Óskum eftir tilboði í háprýstipvott, sprunguviðgerðir og málningu á húseignum

Brekustíg 35 A-B-C Reykjanessbæ.

Viðgerð á öllum göflum og svölum ásamt tröppum eftir því sem þarf.

Upplýsingar gefur Bergþór í síma 864-0245.

Jöfnunarsjóður aðstoði við að tryggja Grindvíkingum búsetu á Suðurnesjum

Anton Guðmundsson, formaður bæjarráðs Suðurnesjabæjar, segir erfitt að verða vitni að þeim miklu náttúruhamförum sem orðið hafa í og við Grindavík. Öflugt og samheldið samfélag í fyrirmyndarsveitarfélagi hefur orðið fyrir miklum áföllum sem setur íbúa Grindavíkur í erfiða stöðu. Anton skrifaði grein á vef Vísirfrétta í vikunni þar sem hann vakti athygli á gjörbreyttri stöðu í húsnæðismálum á Suðurnesjum í kjölfar náttúruhamfara í Grindavík. Staðan kallar á nýja nálgun.



Hilmar Bragi Bårdarson
hilmar@vf.is

„Þetta eru hrikalegir atburðir sem eru að eiga sér stað í Grindavík og hugur allra landsmanna er hjá Grindvíkingum. Mér finnst staðan vera þannig að það er mikill ábyrgðarhluti fyrir okkur sem sitjum í forsvari fyrir sveitarfélögin í nágrenninu að við eflum núna okkar samtal. Við höfum rætt þetta á vettvangi stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum að við höfum áhyggjur af því að fólk sé býr í Grindavík, bæ sem er ofan á lifandi eldstöð, að það leiti og fari annað.

Í grunninn eru þetta Suðurnesjamenn. Ég tel mig þekkja vel til Grindavíkur, þar sem ég ólst þar upp, en er búsettur í Suðurnesjabæ í dag og flutti þangað fyrir nokkrum árum. Ég þekki Grindvíkinga. Þeir eru Suðurnesjamenn og vilja vera áfram á svæðinu. Það er verkefnið sem við stöndum frammi fyrir. Ég tala ekki um þetta sem vandamál. Þetta er verkefni. Við þéttum samtalið á þeim grunni að við reynum að koma því við að halda íbúunum á Suðurnesjum og við höldum fyrirtækjunum og atvinnurekstrinum á Suðurnesjum,“ segir Anton.



Anton Guðmundsson, formaður bæjarráðs Suðurnesjabæjar.

Hvernig gerum við það?

„Það er stóra verkefnið. Reykjanessbær, Sveitarfélagið Vogar og Suðurnesjabær eru öll í gríðarlegri innviðaupbyggingu, sem er mjög kostnaðarsöm. Það er mesta hlutfallslega fjölgun íbúa á Suðurnesjum. Öll sveitarfélögin á Suðurnesjum, sem eru í nágrenni við Grindavík, eru að byggja grunn-skóla, leikskóla og eru í blússandi gatnagerð til að bregðast við þessum þrýstingi um ásókn á svæðið. Svo megum við ekki gleyma því að það er húsnæðisvandi á svæðinu nú þegar eins og á landinu öllu.

Svo kemur 3.700 manna sveitarfélag ofan á þann vanda. Þá þarf

að hugsa hlutina víðar og hugsa markvissar aðgerðir til að komast til móts við íbúa og atvinnurekendum á svæðinu. Það er hægt að setja aukinn þunga í gatnagerð á svæðinu en það kallar á samtal við Alþingi.“

Anton segir að Alþingi þurfi að færa nágrannasveitarfélögum Grindavíkur aukna fjármuni tímabundið, mögulega í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. „Það er eitt útfærsluatriðið sem ég hef verið að nefna í þessum efnum. Þá gæti ríkið einnig gefið eftir í lóðarmálum í sveitarfélögunum. Við höfum verið í viðræðum við ríkið um kaup á landi en þau stranda yfirleitt á verðmiðanum.

Þetta getur verið samvinnuverkefni sveitarfélaganna sem standa nálægt Grindavík og ríkisins um það að styðja tímabundið við nágrannasveitarfélögin með greiðslum í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og ríkið gefi eftir lönd. Þannig getum við sett ennþá meiri kraft í þessa innviðaupbyggingu sem ég tel vera bráðnaúðsynlega.

Í Grindavík var blómlegt atvinnulíf og íþróttastarf. Þetta er fólk með mikla þekkingu sem við megum ekki missa út af svæðinu. Það mun efla og styðja við byggðirnar sem eru hér nú þegar, því öll erum við í grunninn Suðurnesjamenn. Ég tel mikilvægt að við þéttum samtalið og reynum að vinna markvisst að þessum aðgerðum. Við munum komast í gegnum þessa erfiðu tíma saman með von um bjarta framtíð á Suðurnesjum,“ segir Anton Guðmundsson, formaður bæjarráðs í Suðurnesjabæ.

Sundhnjúkahraunslína 1 flytur rafmagn yfir hraun

Búið er að koma rafmagn til Grindavíkur um loftlínu sem reist var yfir nýja hraunið sem rann yfir Grindavíkurveg með þeim afleiðingum að stofnstrengir HS Veitna frá Svartsengi til Grindavíkur skemmdust.

Vinnuflokkar HS Veitna unnu sleitulaust að því í samvinnu við Almannavarnir, Landsnet og HS Orku að halda rafmagn á Grindavík eftir að hraun fór yfir stofnlagnir milli Svartsengis og Grindavíkur í eldgosi sem hófst um þar síðustu helgi. Tókst að koma á rafmagn á bæinn á innan við tveimur sólarhringum frá því að eldgos hófst og var það gert með strengjum sem liggja undir heitu hrauninu. Annar strengur af tveimur gaf síðasta föstudag en í ljós kom að hinn strengurinn var

enn í lagi og var því rafmagn aftur komið á bæinn skömmu síðar.

Á sama tíma var hafinn undirbúningur við að reisa loftlínu yfir hraunið því ekki var ljóst hversu lengi seinni strengurinn myndi duga undir heitu hrauninu. Fór svo snemma á sunnudagsmorgun að hann gaf sig endanlega. Varavélar Landsnets sáu bænum fyrir rafmagn þar til nýja loftlínan komst í gagnið sl. mánudag. Hefur hún fengið nafnið Sundhnjúkahraunslína 1.



Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti strengina yfir hraunið sem rann yfir Grindavíkurvegin. Mynd: Gollí

Heilsu- & lífsstílsdagar nettó

Andleg heilsa

25. janúar – 4. febrúar

Allt að 25% afsláttur af 4.000 heilsu- og lífsstíls-
vörum og vegleg apptilboð á hverjum degi.



Skannið kóðann til að lesa greinarnar
í blaðinu, skoða tilboð og uppskriftir.

nettó

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð




F S N N I R R O P R É Ð Ú K S
 A V Æ R U L A H A G A É A P T
 X I N T S Ú P M G K T F P D A
 A Ð S I L Ó U B A E B R G R K
 F T P A N L N B S Á P K N Ó K
 L S U M A R Æ G T A U G I S S
 Ó D N G U L Ó U A S M É T Ó F
 I Á Ð A P Ú R J S M T A N S J
 É G A R S P T Ú T É F S Æ G Ö
 Á T A Ð A T S M A S B A V E R
 R I S A N Y E R I M S Æ R S Ð
 U N E R Á Ð A R U M L I Ö E U
 G Ó B N N U Ð U A P M A K T R
 A R Ö J B Ð U A R Á F A R Í A
 M D S A R A G N I G G Y R T R

- | | |
|---------------|---------|
| RÍKISSTJÓRNIN | RAFMAGN |
| SAMSTABA | ÍRAFAR |
| ÖRVÆNTING | DRÓNI |
| GARÐAR | BAKAB |
| KAFBÁTUR | ILMUR |
| FAXAFLÓI | ÞORRINN |
| TRYGGINGAR | SVIÐ |
| STAKKSFJÖRÐUR | TAUG |
| HALUR | RÁÐA |
| AUÐUNN | MAGUR |

Gangi þér vel!

Fyrsta sagnastundin á nýju ári

Sagnastund á Garðskaga verður haldin laugardaginn 27. janúar klukkan 15:00. Fyrsta sagnastund ársins fjallar um sjósókn á stríðsárunum og þær hömlur sem voru á fjarskiptum og veurfregnum. Meginþungi er á Sviðaslysið, þegar togarinn Sviði frá Hafnarfirði fórst á Breiðafirði 2. desember 1941. Egill Þórðarson, fyrrum loftskiptamaður á togurum og hjá Gæslunni, segir frá.



Styrjöld, heimur á heljarþröm. Skipin, sigling og mikið lagt á lítil skip. Veður, samspil vinds, öldu, straums og botnlags. Leitir og

brak, viðbragðstími og ólíkar aðstæður.

Egill var með í að setja upp sýningu í Safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju 2022 um Sviðaslysið. Egill mun sýna nákvæmt ítarefni frá sýningunni.

Allir velkomnir á Garðskaga, ekki aðgangsgjald, veitingahúsið verður opið. Léttar veitingar í boði.

Áhugamenn um sagnastund á Garðskaga.

Reynir Sveinsson látinn

Reynir Sveinsson í Sandgerði lést þann 21. janúar síðastliðinn. Reynir fæddist 2. júní árið 1948 í Sandgerði og bjó þar alla sína tíð. Foreldrar Reynis voru Sveinn Aðalsteinn Gíslason, rafveitustjóri, og Guðbjörg Hulda Guðmundsdóttir. Þau eignuðust sjö börn og var Reynir fjórði í röðinni.



Reynir var giftur Guðmundu Þorbjörgu Kristjánsdóttur sem er fædd árið 1956 en þau skildu.

Þau eignuðust þrjú börn. Gísli, fæddur árið 1975, rútbílstjóri, eigandi vefsins aflafrettir.is og hefur ritað aflafréttapistlana í Víkurfréttir núna í um fimm ár, Sigríður, fædd árið 1980, leiðbeinandi á leikskóla og Guðbjörg, fædd árið 1985, viðskiptafræðingur og býr í Hollandi. Reynir skilur eftir sig ellefu barnabörn.

Reynir lærði rafvirkjun hjá föður sínum og rak verkstæðið Rafverk ehf. í yfir 30 ár. Nærri aldamótum sneri hann sér svo að öðru og hóf þá störf hjá Sandgerðisbæ sem forstöðumaður Fræðaseturs í Sandgerði. Sú stofnun heitir nú Þekkingarsetur Suðurnesja. Þar starfaði Reynir lengi, aðallega við móttöku gesta og leiðsögn enda vel staðkunnugur á Reykjanesskaganum. Vann hann einnig með ýmsu móti að eflingu ferðaþjónustu í nærsamfélagi sínu.

Vegna þekkingar sinnar á Suðurnesjum, og þá sérstaklega Sandgerði, var hann mjög vinsæll sem leiðsögumaður og fór með marga hópa í rútuferðir um Reykjanesskagann þar sem hann sagði sögu svæðisins.

Reynir starfaði mikið og lengi að félagsmálum á Suðurnesjum. Hann sat fyrir Sjálfstæðisflokkinn í

bæjarstjórn Sandgerðis í tuttugu ár og var í hafnarráði sveitarfélagsins í sextán ár.

Gegnði hann jafnframt ýmsum trúnaðarstörfum öðrum á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Reynir var í Lionsklúbbum í Sandgerði í 36 ár og var formaður sóknarnefndar í um 35 ár. Hvalsneskirkja og það svæði var honum mjög hugleikið og eru mörg verk við kirkjuna og kirkjugarðinn sem hann ytti úr vör, þar má nefna hlaðna garðinn í kringum kirkjugarðinn, steininn um Hallgrím Pétursson, bygging þjónustuhúss kirkjugarðsins og miklar endurbætur á Hvalsneskirkju.

Síðasta verkið sem Reynir sá um var hellulagning göngustígs frá Sáluhlíðinu og að þjónustuhúsinu en hann náði aldrei að sjá það verk fullklárað vegna veikinda sinna.

Reynir var mjög virkur í björgunarsveitinni Sigurvon ásamt hörðum kjarna sem byggði björgunarmiðstöðina í Sandgerði. Þá var Reynir í Slökkviliði Sandgerðis í 40 ár og slökkviliðsstjóri í níu ár.

Reynir skilur eftir sig marga sýnilega hluti um Sandgerði sem munu halda á lofti minningu hans. Til að mynda útsýnisbrekkuna við löndunarkranana í Sandgerðishöfn en þegar var verið að fylla upp bak við Norðurgarðinn, sem var stórt og mikið verk, þá kom hann með þá hugmynd hvort ekki væri hægt að keyra smá efni til þess að gera brekku svo hægt væri að keyra bílum og sjá yfir garðinn. Þessi útsýnisstaður er mikið notaður í dag.

Reynir verður jarðsunginn frá Sandgerðiskirkju þann 1. febrúar kl. 14:00.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

HÁKON ÞORVALDSSON,
Njarðarvöllum 6, Reykjanesbæ,

lést á Hrafnistu Nesvöllum laugardaginn 20. janúar.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 6. febrúar klukkan 13.

Birgir Vilhjálmsson Ólafía Sigríður Friðriksdóttir
Hildur Hákonardóttir Hákon Matthíasson
Hilmar Hákonarson Þórunn Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Purfti að skilja um sex þúsund króka eftir í sjónum

Jæja, lífið heldur áfram þrátt fyrir eldgos og sprungumyndanir á Reykjanesskaganum. Núna er nokkuð vel liðið á janúarmánuð og veiðin hjá bátunum er búin að vera nokkuð góð.

Margir bátar hafa verið við veiðar utan við Sandgerði og er þá ekki bara verið að tala um bátana sem landa í Sandgerði heldur líka báta frá Snæfellsnesi, línubátana frá Grindavík og 29 metra togara frá Grundarfirði og Vestmannaeyjum.

Stóru netabátarnir tveir eru búnir að færa net sín yfir á svæði utan við Stafnes og Hafnir og hefur veiðin hjá þeim verið nokkuð góð. Friðrik Sigurðsson ÁR er kominn með 98 tonn í sextán róðrum og Erling KE með 141 tonn í þrettán róðrum.

Reyndar vekur nokkra athygli að báðir þessir stóru netabátar eru með netin sín svo til á svipuðum slóðum en Erling KE kemur og landar í Sandgerði, sem er stutt sigling, en Friðrik Sigurðsson ÁR siglir alla leið til Njarðavíkur til þess að landa, er það um þriggja tíma sigling. Addi Afi GK er með 17,4 tonn í fjórum róðrum og Sunna Líf GK 12 tonn í þremur.

Mjög góð veiði hefur verið hjá línubátunum og er Margrét GK komin með 143 tonn í tólf róðrum og mest 18 tonn í róðri, Sævík GK er með 57 tonn í fimm róðrum en báturinn landað núna síðast í Þorlákshöfn, Óli á Stað GK 62 tonn í sex, Dúddi Gísla GK 58 tonn í sex,



Gulltoppur GK 24 tonn í fjórum en hann landar á Siglufirði og Hulda GK 68 tonn í átta róðrum.

Stærri bátarnir hafa verið að landa í Þorlákshöfn og Hafnarfirði og til Þorlákshafnar kom Páll Jónsson GK með fullfermi, eða 183 tonn sem fékkst á um 173 þúsund króka. Uppreiknað á bala gerir þetta um 450 kg á bala. Þessi risalöndun hjá bátunum er ein allra stærsta einstaka löndun línubáts á Íslandi sem er ekki að frysta aflann um borð en báturinn var við veiðar á Meðallandsbugt. Báturinn gat meira segja ekki dregið alla línuna því það var allt orðið kjaftfullt í honum af fiski og þurfti að skilja eftir um sex þúsund króka í sjónum.

Mjög sjaldgæft er að stóru línubátarnir þurfti að skilja eftir króka í sjónum því vanalega hafa þeir pláss til þess að koma fiskinum í bátinn en í þessum risa- og me-tróðri hjá Páli Jónssyni GK var bara

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
gisli@aflafrettir.is



allt orðið fullt af fiski og ekki pláss fyrir meira – en Páll Jónsson GK er kominn með 312 tonn í tveimur löndunum, Sighvatar GK 300 tonn í tveimur og Valdimar GK 292 tonn í þremur löndunum.

Hjá togurinum er Jóhanna Gísladóttir GK með 278 tonn í fjórum löndunum, Sóley Sigurjóns GK 269 tonn í tveimur löndunum, Sturla GK 210 tonn í fimm, Pálína Þórunn GK 202 tonn í fimm, Vörður ÞH 184 tonn í fjórum og Áskell ÞH 112 tonn í tveimur löndunum. Togarnir hafa landað víða en þó mest í Hafnarfirði.

Vegna þess sem er í gangi í Grindavík má segja að Hafnarfjörður sé orðinn heimahöfn nokkurra báta og togara sem vanalega landa í Grindavík.

Bílaveiðigerðir
Smurþjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið:
11-13:30
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF


Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

ÚTSALA

11. jan. - 10. feb.



Ilmstrá 180ml
Shadow lake
Verð 5.195 kr
Verð nú 2.598 kr.



Snagabretti Shain
Verð 7.900 kr
Verð nú 3.950 kr.



Motta Sigrid
Verð 15.900 kr
Verð nú 6.360 kr.

50-60%
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM
FAKO.IS



Púði Class 40x60 cm
Verð 9.300 kr
Verð nú 4.690 kr.



Borðlampi Neat
Verð 39.900 kr
Verð nú 19.950 kr.



Ljós Bambus
Verð 19.900 kr
Verð nú 9.950 kr.



Stóll Habra
Verð 69.500 kr
Verð nú 34.750 kr.

FAKÓ
VERZLUN  HÚSGÖGN

„skoðanir manna að engu“

Ríkið um að vera núna og að virknin leiti til suðurs ■ Slæm þróun fyrst þetta byrjaði í nágrenni Grindavíkur

var að setja upp nýja tölvu og fylgdist með atburðarásinni með öðru auganu.

„Ég er búinn að fylgjast með atburðarásinni á Reykjanesskaganum frá því hún byrjaði. Það er mikið um að vera núna og því miður lendir þetta allt á Grindavík núna. Þegar þessir atburðir voru síðast, á þrettánda öldinni þegar land var að byggjast, þá voru þessir atburðir allir í Eldvörpum og á þeim slóðum – en náttúran vill stundum gera þetta, að hoppa á milli svæða á nokkurra alda fresti. Það er greinilega verið að fylla upp í eitthvað gat sem hefur myndast þarna og þá lendir Grindavík því miður í þessu.“

Hvert sýnist þér framhaldið verða á þessum slóðum?

„Mér list mjög illa á stöðuna eins og þetta er að þróast og þá þenslu sem nú er komin í Svartsengi. Ég hef verið að horfa á GPS-mælana og þetta er komið svo langt yfir það sem var 10. nóvember og 18. desember.“

Mælarnir eru ekki allir í takt á þessum slóðum.

„Þetta eru líklega tvær eða þrjár sillur í þessari eldstöð sem er kennd við Svartsengi. Hólflið við Svartsengi tæmdist ekki síðast. Það hljóp úr hólfinu vestan við, við Skipastígshraun. Það fór lengri leið og því tók aðdragandinn að eldgosinu um fimm klukkustundir.“

Jón Frímánn segir ástæðu þess að gosin standi stutt yfir, að þrýstingurinn falli fljótlega. Þá hefur hann verið að velta því fyrir sér hvort kvikugangurinn sem myndaðist 10. nóvember 2023 sé einhvers konar stífla í kerfinu en gosin tvö, þann 18. desember og 14. janúar, hafa bæði komið upp



Hraun rennur inn í byggðina í Grindavík. Ljósmynd: Arni Sveberg

austan við kvikuganginn. Hann segir að jarðvísindamenn verði að rannsaka það, hann hafi ekki svörin á reiðum höndum.

Eldvirknin leitar suður

Að sögn Jóns Frímáns er eldvirknin að leita suður með kvikuganginum sem opnaðist í gosinu í Sundhnúkagígum 18. desember og hann heldur að, því miður, að hætta sé á að það gjósi næst sunnar og gossprungurnar muni leita eftir sigdölum sem mynduðust 10. nóvember og 14. janúar og liggja í jöðrum þeirra.

„Því miður held ég að þetta fari þarna suður með og út í sjó, eins langt og það kemst. Síðan byrji það aftur norðanvið. Þetta er ekki alveg búið. Ég var að vonast til að þetta færi eftir sömu leiðinni og þetta gerði fyrir 2.400 árum, þegar það

beygði af leið við Hagafell og fór vestan við Gálgakletta og þar niður með. Þá stoppaði þetta rétt norðan við bæinn.“

Þegar eldgosin hafi fyllt í þær sprungur sem þarf í Sundhnúkagíggaröðinni og við Grindavík þá sé möguleiki á að virknin færirist annað og þá gjósi í Eldvörpum og á svæðinu vestan Grindavíkur.

Aðeins séð eitt gos á Reykjanesskaganum með berum augum

Jón Frímánn náði að komast suður og sjá fyrsta gosið í Geldingadölum en hefur ekki séð það sem gosið hefur síðan þá. Það er aðallega vegna þess að þau voru meira afskekkt og erfiðara að komast í þau. Þá hefur hann einnig verið búsettur í Danmörku og því erfiðara um vik að komast á gosstöðvarnar.

Aðspurður út í viðbrögð fólks við færslum hans á netinu þá segist Jón Frímánn lítið láta það hafa áhrif á sig. Náttúran fari sínu fram og hann sé ekki að láta það á sig fá þó netverjar bregðist misjafnlega við því sem hann lætur frá sér fara. „Náttúran hefur skoðanir manna að engu.“

Eftir gosið í Eyjafjallajökli árið 2011 stofnaði Jón Frímánn vefsíðuna eldstod.com þar sem hann hefur skrifað um eldgos og jarðhræringar. Hann segir að fram að þeim tíma hafi lítið verið skrifað um þetta málefni.

Erfitt að eiga við svona atburði

En aftur að Reykjanesskaganum. Jón Frímánn segir þetta vera slæma þróun fyrst þetta byrjaði þarna í nágrenni Grindavíkur. „Það er erfitt að eiga við svona atburði,

því þeir gerast svo sjaldan,“ segir hann. Þegar viðtalið við Jón Frímánn var tekið var nýbúið að gefa úr loftmyndir sem sýndu jarðsig og sigdali í Grindavík. Jón Frímánn hefur áhyggjur af því að frekari landbreytingar verði í Grindavík í næsta atburði og land sökkvi meira en nú er orðið.

Hver finnst þér tímaramminn á þessum atburðum við Grindavík vera? Erum við að fara að sjá atburði mánaðarlega?

„Tímaramminn virðist vera þrjátíu dagar plús átta dagar í skekkju miðað við síðustu tvö gos – en Svartsengi er orðið svo þanið að ég held að það verði styttra í það. Þegar Svartsengi hleypur þá byrjar það með kröftugum jarðskjálfta, mér þykir það líklegast en hvenær það gerist veit ég ekki. Það er erfitt að segja til um það.“

Tappi við Sýlingafell

Jón Frímánn telur að það sé einhver tappi við Svartsengi sem heldur aftur af kvikunni við Sýlingafell. „Hann heldur bara ákveðið lengi og þá brestur hann. Hann brast síðast 10. nóvember og svo hljóp úr Svartsengi 18. desember en svo var allt lokað síðast. Ég veit ekki af hverju þetta er orðið svona núna en því miður er þessi staða ekki góð fyrir Grindavík.“

Spurður út í það hvað sé að eiga sér stað skammt undan landi við Reykjanestá segir Jón Frímánn að hann telji það ekki vera gíkk-skjálfta. Þar sé frekar kvika á ferðinni að gera sig klára í að gjósa. „Ég þekki ekki dýpið þarna en ég vona að það haldi svo ekki verði sprengigos.“



Heiðar Hrafn Eiríksson, skrifstofustjóri Þorbjarnar.

vegna frostskeppmnda

trúi nú ekki öðru á þessum viðsjárverðu tímum sem við erum að lifa á, að ríkið taki þetta ekki á sig,“ segir Heiðar.

Þriðji ættliður í Þorbirni

Þorbjörn á langt viðskiptasamband við saltfiskkaupendur en núverandi staða gerir fyrirtækinu erfitt fyrir að standa skil á sínum enda samningsins. „Mér finnst athyglisverð staðreynd að Þorbjörn hefur stundað viðskipti við sama aðilann á Spáni, frá stofnun fyrirtækisins. Afí minn var einn stofnenda Þorbjarnar og hann stofnaði til þessara viðskiptasambanda, pabbi minn heitinn og Gunnsi frændi tóku við og nú erum við, næsti leggur að taka við keflinu.

Ég er stoltur af þessu og nú riður á að þetta trausta viðskiptasamband haldi en viðskiptavinurinn verður auðvitað að fá sinn fisk, við erum eðlilega í erfiðleikum með uppfylla okkar hluta. Hversu lengi okkur verður sýndur skilningur skal ég ekkert segja til um. Sem betur fer er stór hluti rekstrarins í frystitogurunum Tómasi Þorvaldssyni og Hrafn Sveinbjarnarsyni, þetta ástand í Grindavík hefur ekki bein áhrif á rekstur þeirra skipa og þeim hefur gengið vel. Hvað varðar framtíð landvinnslunnar erum við ekkert farnir að ihuga næstu skref, við verðum bara að bíða og sjá hvað nánasta framtíð ber í skauti sér,“ sagði Heiðar að lokum.



bus4u Iceland óskar eftir starfsfólki í eftirtaldar stöður:

Vaktstjóri

- Vinnutími 05:00-17:00 á vaktakerfi
- Stýrir daglegum verkefnum og uppákomum

Starfsmaður á verkstæði

- Reynsla af viðgerðum og almennu viðhaldi

Bílstjórar

1. Dagvinnumann vinnutími 07:00–17:00
2. Afleysingamenn og kvöld- og helgarbílstjóra
3. Bílstjóra á almenningsvagna (strætó)
4. Sumarstarfsmenn (bílstjórar í stuttar og langar ferðir)

Umsóknir óskast á info@bus4u.is eða upplýsingar í síma 421-4444 (skrifstofa)

bus4u
Iceland



Hver er konan?

Nafn: Bjarnþóra María Pálsdóttir
Aldur: 52 ára
Menntun: Ökukennari og allt mögulegt fleira. Svo lengi lærir sem lifir.

FKA kona mánaðarins á Suðurnesjum

Vill leggja sitt af mörkum í að bæta umferðaröryggi

Bjarnþóra María Pálsdóttir flutti til Sandgerðis fyrir tveimur árum og er framkvæmdastjóri ökuskólans 17.is sem rekur ökuskóla á netinu fyrir landsmenn og sinnir einnig verklegri ökukennslu á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu.

„Ég starfaði í nokkur ár sem lögreglumaður og í því starfi kynnti maður því miður afleiðingum umferðarslysa. Áhugi minn vaknaði á að láta til mín taka til að bæta umferðaröryggi og ákvað ég því að skipta um starfsvettvang og færa mig alfarið yfir í ökukennslu og rekstur ökuskólans 17.is sem við hjónin höfum átt og rekið í mörg ár. Eiginmaður minn er Sigurður Jónasson lögreglufulltrúi og ökukennari.

Er eitthvað sem gerir verkefnið eða fyrirtækið einstakt, forvitnilegt?

Mig hefur lengi dreymt um að koma kennsluefninu okkar til fólks af erlendum uppruna til að auðvelda þeim ökunámsferlið hér á landi. Það er mér hjartans mál að bæta umferðaröryggi og draga úr slysum og tel ég að betra aðgengi að góðu kennsluefni á fleiri tungumálum sé m.a. lykill að því.

Ég hef á undanförunum mánuðum unnið að því að færa verk-

efnavef yfir á ensku, spænsku og arabísku. Þetta er vefur sem aðstoðar einstaklinga við að æfa sig fyrir skriflega ökuprófið sem hefur reynst mörgum erfitt.

Þá er ökuskóli 1 og 2 kominn út á ensku, ökuskóli 1 á spænsku og við stefnum ótraud áfram á þessari vegferð. Fyrir mér er þetta ekki síst samfélagslegt verkefni og hefur hjarta mitt slegið í þá átt lengi.

Ég var skiptinemi bæði á Spáni og í Egyptalandi og starfaði einnig sem sjálfbóðaliði hjá Rauða krossi Íslands. Sú reynsla skapaði mér víðsýni og jók áhuga minn á tungumálum og ólíkri menningu. Eftir að ég útskrifaðist sem ökukennari hefur áhugi minn á ólíkri umferðarmenningu þjóða aukist verulega en það er þáttur sem taka þarf tillit til í ökunámi eftir að íslenskt samfélag opnaðist til muna.

Til að efla atvinnuþátttöku fólks af erlendum uppruna eru ökuréttindi stór þáttur og þetta er okkar framlag til þess að opna samfélagið fyrir nýbúum þessa lands.



Við erum núna að þróa smáforrit til að mæta enn betur þörfum nemendanna okkar og stefnum á að koma fleiri námskeiðum yfir á önnur tungumál. Í mínum huga snýst þetta um að vera raunsær, íslenska er erfitt mál að læra og umferðaröryggi snertir okkur öll sem hér búum. Ég vil leggja mitt af mörkum til að koma þekkingunni vel til skila fyrir alla vegfarendur í okkar samfélagi.

Er eitthvað áhugavert sem þú ert sjálf að gera?

Ég er dellukona, ég stunda skotveiðir, keyri mótörhjól, fjórhjól og er í jógakennaranámi. Þá er ég ritari stjórnar FKA Suðurnes og sit í stjórn Skotvís sem er hagsmunafélag skotveiðimanna.

Hversu lengi hefur þú búið á Suðurnesjum?

Við erum búin að vera hér á Suðurnesjum í rúm tvö ár og erum alsæl með þá ákvörðun að flytja hingað. Mér finnst frábært hvað það er stutt í allt, þrátt fyrir ört stækkandi samfélag er umferðin þægileg, það er rólegt í Sandgerði, fólkið yndislegt og okkur var tekið opnum örmum. Það er allt til alls finnst mér og ef eitthvað vantar er örstutt í höfuðborgina.

Náttúran er einstök hérna og það er alveg ótrúlegt að vera búsett á Suðurnesjum og hafa varla fundið fyrir öllum þessum jarðhræringum undanfarið ár. Sandgerði situr sem fastast og heldur vel utan um okkur.

til að komast betur inn í samfélagið hérna.

Mitt heilræði til kvenna á Suðurnesjum er að koma og taka þátt. Við tökum vel á móti ykkur.



FKA SUÐURNES OG ÉG

Ég er stolt af því að tilheyra FKA Suðurnes enda er þetta hópur kraftmikilla kvenna hér á Suðurnesjum og kom það mér á óvart hve mikil gróska er í atvinnulífinu hér. Ég ákvað að fara í félagið vegna þess að ég starfa mikið ein og það er enn mikilvægara að eiga gott tengslanet þegar kona starfar sjálfstætt. Ég hafði ekki tekið þátt í starfi FKA áður en ég flutti á Suðurnes en mér fannst góð leið að byrja í landsbyggðardeild sem er smærri í sniðum og þar með auðveldara að kynnast konum í félaginu.

Mér var afskaplega vel tekið og strax opnuðust ný tækifæri fyrir mitt fyrirtæki. FKA Suðurnes er með reglulega viðburði og fræðslufundi og ég hef nýtt mér þetta eins og kostur er



Frá Grindavík sunnudaginn 14. janúar 2024. VF/Isak Finnbogason

Tryggjum framtíð Grindvíkinga

Rúmir tveir mánuðir eru liðnir frá því að náttúruöflin hröktu fjölskyldur af heimilum sínum og sundruðu rötgrönu og falletu samfélagi Grindavíkur. Atburðurinn fyrir rúmri viku síðan þegar sprunga opnaðist og hraun rann um götur bæjarins og brenndi hús var síðan til þess fallinn að auka enn frekar álagið á bæjarbúa sem þegar lifa í fullkominni óvissu um afkomu sína, um menntun barnanna sinna og um framtíðina.

Það er gott að Alþingi sé loksins komið saman til að ræða þessa stöðu. Það hefði mátt gerast fyrr. Ég finn það að samstæða þingmanna með Grindvíkingum er algjör. Hér eru allir sammála um það þurfi að bregðast við og að það þurfi að gerast strax. Þessa samstöðu þarf ríkisstjórnin að virkja.

Ég get ekki lýst vanmættinum og sorginni sem ég finn með Grindvíkingum gagnvart eyðingarkrafti náttúruafllanna. En samhugur og samkennd færa fólki ekki þak yfir höfuðið, fjárhagslegt öryggi og mat á borðið. Hröð handbrögð þingsins í fjárhagslegum stuðningi og uppbyggingu íbúðarhúsnæðis gera það hins vegar. Það er leiðin fram á við núna – og við megum engan tíma missa.

Við vitum ekki hvenær Grindavíkurbær verður aftur öruggur staður fyrir fjölskyldur til að búa sér heimili og ala upp börn. Og afstaða fólks til þess hvenær eða hvort það vilji snúa aftur er skiljanlega ólík. Þess vegna þurfum við skýra valkosti fyrir fólk sem tekur tillit til mismunandi aðstæðna og mismunandi skoðana íbúanna. Valfrlsi íbúanna verður að liggja til grundvallar þeim lausnum sem Alþingi ákveður. Það voru flutt inn 500 viðlagasjóðshús eftir eyjagosið fyrir 50 árum síðan og það er ekkert því til fyrirstöðu að hefja þá vinnu strax.

Ef allt fer síðan á besta veg og Grindavíkurbær verður aftur öruggur innan ársins þá yrði



uppbyggingin ekki til einskis. Þvert á móti þá er þegar víðtækur húsnæðisskortur í landinu og hröð uppbygging væri þá aðeins til þess fallin að draga úr framboðsskortinum og bæta hag allra. Fórarkostnaðurinn af því að ráðast í uppbyggingu strax er þar af leiðandi enginn.

Hér ríkir eining um að styðja við Grindvíkinga og hér ríkir að sama skapi eining um að sameiginlegir sjóðir verði nýttir til þess. Grindvíkingar eiga ekki sjálfir að bera kostnaðinn af þessari stöðu. Nú hefur ríkisstjórnin upplýst um aðgerðir til stuðnings Grindvíkingum sem lesa mátti um í fréttatilkynningu á vef stjórnarráðsins. Margar af þeim aðgerðum þekkjum við og þar er verið að bæta í, bæði vegna þess að upphæðirnar hafa reynst of lágar en einnig af fyrri stuðningur hefur ekki dugað til að koma öllum Grindvíkingum í viðundandi húsnæði.

Önnur úrræði virðast vera fyrirheit um að komið verði til móts við Grindvíkinga m.a. um að þeir geti losað þá fjármuni sem þeir eiga í húsnæði í Grindavík og geti þá nýtt þá til þess að koma sér fyrir annars staðar.

Ég lýsi fullum stuðningi við þessa aðgerð og geri þá kröfu um að þetta komist til framkvæmda sem fyrst.

Guðbrandur Einarsson,
þingmaður Viðreisnar
í Suðurkjördæmi.

EYJABYGGÐIN Í KEFLAVÍK

Þegar Eyjamenn þurftu að flýja vegna eldgoss risu „Eyjabyggðir“ á nokkrum stöðum á landinu, m.a. í Keflavík og Grindavík. Þessi mynd er tekin í Eyjabyggðinni í Keflavík en húsin þar hafa elst vel frá því þau voru reist fyrir um hálfri öld. Svo gæti farið að „Grindavíkurbýggð“ risi í Reykjanesbæ og víðar en starfshópur um úrræði í húsnæðismálum Grindvíkinga hefur m.a. skoðað þennan möguleika, ásamt fleirum.



■ Eigendur Einhamar Seafood í Grindavík:

Ekki tilbúin að hugsa langt inn í framtíðina

VF GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



„Þetta var þungt kjafthög því það var allt komið af stað,“ segir Sandra Antonsdóttir, annar eigenda Einhamar Seafood en mikil óvissa ríkir með næstu skref hjá flestum, ef ekki öllum grindvískum fyrirtækjum.

Erum í lausu lofti

Sandra og Stefán Kristjánsson, eiginmaður hennar, höfðu sent starfsfólk sitt sem flest er af erlendu bergi brotið, til síns heima eftir jarðhræringarnar 10. nóvember. „Starfsfólkið okkar var mjög ánægt með hvernig við tækludum þessa stöðu sem upp kom í nóvember, þau voru hrædd og voru fegin að geta haldið til síns heima. Við vorum í sambandi við þau og langflest voru mjög jákvæð að snúa aftur til Íslands á nýju ári og hefja störf 9. janúar eins og við vorum búin að gefa út. Við vorum búin að flytja vélarnar aftur í húsnæðið fyrir jóla, prufukeyrdum og allt gekk vel og því var okkur ekkert að vanbúnaði að byrja á fullum krafti 9. janúar. Allir voru svo ánægðir að hittast þennan þriðjudag, andinn var mjög góður og við litum jákvæð til framtíðarinnar en strax daginn eftir reid fyrsta áfallið yfir, þegar blessaður maðurinn féll ofan í sprunguna. Þar áður hafði orðið hörmulegt bílslys á Grindavíkurvegi svo það má segja að hvert áfallið hafi rekið annað og endaði með eldgosinu sunnudaginn 14. janúar. Ef þú spyrð mig núna út í framtíðina, get ég engu svarað. Við erum bara í lausu lofti. Hversu lengi viðskiptavinir okkar sýna okkur skilning er ekki gott að segja til um, fiskur verður áfram borðaður og ef við vinnum hann ekki og seljum, gerir einhver annar það og við missum hugsanlega þau viðskipti. Ég vona samt ekki en ég veit ekkert hvað næstu dagar bera í skauti sér.“



Sandra á spjalli við einn af starfsmönnum Einherja.
VF-myndir/Sigurbjörn

Þjónustumiðstöð opnuð í Reykjanesbæ

Ríkislögreglustjóri, í samstarfi við Rauða krossinn og Grindavíkurbæ, hefur opnað þjónustumiðstöð í Rauða kross húsinu Smiðjuvöllum 9 í Reykjanesbæ. Opnunartími verður á mánudögum, þriðjudögum og föstudögum kl. 14–17.

Verkefni þjónustumiðstöðvar felast í stuðningi við íbúa Grindavíkurbæjar og aðra sem á einhvern hátt hafa orðið fyrir



Sandra Antonsdóttir á skrifstofunni.

Nýkominn í heita pottinn þegar byrjaði að gjósa

Stefán eiginmaður Söndru, er einn af meiri Grindvíkingum sem finnast, það var frægt viðtalið sem var tekið við hann í fréttatíma RÚV mánudagskvöldið 18. desember en þá var hann fluttur til Grindavíkur og var hjartsýnn, svo byrjaði að gjósa seinna það kvöld. „Við gátum ekki annað en hlegið að þessu þegar fyrra gosið kom, Stebbi var nýbúinn að koma sér fyrir í heita pottinum þegar byrjaði að gjósa og hann sá bjarmann. Hann var nú ekkert að flýta sér út úr bænum en kom auðvitað en var svo fljótur að snúa til baka þegar það var leyft. Ég ætlaði mér að koma til Grindavíkur um miðjan janúar og dvelja eithvað og sjá til en þessir síðustu dagar sýna okkur að það verður líklega ekki hægt að búa í Grindavík á næstunni, hugsanlega næstu ár. Stebbi minn er mikill Grindvíkingur í sér og náttúrubarn, er með sínar rollur og vill hvergi annars staðar vera en í Grindavík, þess vegna er þetta mikið áfall fyrir hann. Við eigum íbúð á Hverfisgötu og okkur fannst ósköp gott að geta skroppið eina og eina helgi í Reykjavík en Stebba list ekkert á að fara búa þarna alfarið, hann veit ekkert hvað hann á að gera og er

að farast úr leiðindum, það á illa við hann að sitja og gera ekki neitt,“ segir Sandra.

Þungt kjafthögg

Hjónin geta ekki tekið ákvörðun á þessari stundu, um framtíð fyrirtækisins. „Við vorum búin að ákveða að skrifstofurnar okkar yrðu í Hafnarfirði fram á vorið, vinnslan var komin af stað og allt leit vel út. Þess vegna er þetta þungt kjafthögg núna og við getum ekki hugleitt framtíðina eins og sakir standa. Við erum alls ekki farin að huga að því að koma upp fiskvinnslu í öðrum bæ, við erum bara ekki komin þangað. Við ætlum að leyfa næstu dögum og vikum að líða en svo kemur auðvitað að því að við þurfum að taka einhverjar ákvarðanir eins og aðrir,“ sagði Sandra að lokum.



Stefán (fyrir miðju) í kaffispjalli í Vélsmiðjunni í Grindavík.

Fara offari í lokunum

Stefán Kristjánsson í Einhamri birti þessa stöðuuppfærslu á Facebook-síðu sinni síðastliðinn sunnudag: Frá fyrstu tíð höfum við Grindvíkingar sem börn leikið okkur í sprungum, í hellum og gjótum í hrauninu umhverfis Grindavík. Leikvöllur okkar var hraunið, bryggjan, fjaran, Þorbjörn og Ægisandur, við klifruðum í fjöllum, sváfum úti, syntum í sjónum, hlupum undan öldum og vorum úti allan daginn. Lífið var ekki hættulaust, við meiddum okkur, sýndum varkarni og síðan tókum við að varast hættur. Síðan tók sjórinn við og enn meiri hættur, kaðlar og vírar, net og troll, sífelld hætta að flækja sig í spilbúnaði, festast í tógi, skera sig eða klemmast eða kastast fyrir borð. Sjórinn gaf og sjórinn tók, ungir menn og karlar misstu lífið og við minnumst þeirra ætíð af ást og hlýhug. Grindvíkingar eru vanir náttúruöflunum, við erum vön hættum og við kunnum að varast hættur. Girða þarf af sprungusvæðin sem eru hættuleg og fleyga þau niður og fylla, við erum með ofboðslega góða Grindvíkinga sem klára það á réttan hátt. Heilu hverfin í Grindavík eru meira og minna hættulítil eða hættulaus, nánast er hægt að keyra allar götur, almenn skynsemi, lífsreynsla og varkarni er það eina sem þarf. Það þarf að hleypa íbúum Grindavíkur heim til að athuga með sín hús, ná í sínar búslóðir ef þeir vilja og þá ætti að aðstoða af öllum mætti. Slökkvilið, björgunarsveitir og vanir heimamenn

sem sjálfbóaliðar, gætu leiðbeint og aðstoðað við burð og flutninga. Þetta er allt lokað enn þann dag í dag. Fyrirtæki opnuðu sinn rekstur smátt og smátt, keyptu inn hráefni og kælivöru og fóru að þjónusta. Þetta hráefni er allt ónýtt, ekki mátti fara í fyrirtækin og bjarga vörum. Þetta er allt lokað enn þann dag í dag. Fiskvinnslur byrjuðu að flaka og fletja fisk og salta eða flytja út ferskt, miklar birgðir liggja í léttisöltuðum afurðum sem ekki má ná í eða vinna. Þessar dýr-mætu vörur liggja undir skemmdum. Þetta er allt lokað enn þann dag í dag. Ferskfiskvinnslur, slægður fiskur ísaður í kór, flök í frauðkössum og aðrar vörur upp á tugi tonna eru allar ónýtar og lykta, ekki mátti flytja þær burt. Þetta er allt lokað enn þann dag í dag. Fréttamenn og aðrir valsa um svæðin og hnjóta um grjót eða stiga í holu, Benni píp líka og úr verða dramafréttir sem eru ekki lýsandi um ástand Grindavíkur en valda ugg og kvíða, alið er á slæmum fréttum og bænum haldið í herkvi. Bærinn okkar elskulegi er skemmdur víða og mörg hús sprungin og skókk og önnur ónýt. Langstærsti hluti fasteigna er samt óskemmdur og er íbúðahæfur þegar lagnir eru komnar í lag. Það sagði mér björgunarsveitamaður fyrir vestan að ef í dag myndi falla snjóflóð myndi enginn bjargast. Tíminn sem Amannavarnir tæki til að meta aðstæður og að koma með hættumat ylli því. Amannavarnir og aðgerðastjórn fara offari í lokunum.

Þorablót Félags eldri borgara á Suðurnesjum

Haldið 3. febrúar næstkomandi að Nesvöllum. Húsið opnar kl. 18.30. Borðhald hefst kl. 19.00.

Setning: Kristján Gunnar formaður FEBS

Veislustjóri: Kristján Jóhannsson gleðigjafi.

Hljómsveit: Hinir stórkostlegu og endalaust vinsælu Bubbi og Vignir sjá um dinner og dansmúsik.

Söngur: Alexandra Chernyshova sópran.

Brekkusöngur: Atli Sigurður Kristjánsson spilar og syngur.

Aðgöngumiði: Verð kr. 8.000 á mann.

Matur: Glæsilegt þorahlaðborð frá Magnúsi Þórisssyni matreiðslumeistara á Réttinum.

Miðar seldir á Nesvöllum 24. og 25. janúar frá kl. 12.00 til 16.00

Greiðsla: Peningar og posi á staðnum

Björg Ólafsdóttir 865-9897

Kristján B. Gíslason 898-6354

Baldvin Elís 662-3333

Úlfar Hermannsson 661-4065



SKIL Á AÐSENDU EFNI

Greinar og annað aðsent efni sem óskað er að birtist í Víkurfréttum þarf að hafa borist ritstjórn fyrir hádegi mánudags á netfangið vf@vf.is



Elskulegir foreldrar okkar, tengdforeldrar, amma og afi, dóttir, systir, bróðir og vinir,

MARGRÉT Á. HRAFNSDÓTTIR OG FRÍMÁNN GRÍMSSON,


létust af slysförum 5. janúar síðastliðinn.

Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju þann 25. janúar nk. kl. 13:00.

Guðni Þór Frímánnsson Sara Dögg Svansdóttir
Ólafía Ella Guðnadóttir
Elma Eir Guðnadóttir

Elín Frímánnadóttir Helgi Karlsson
Henning Smári Helgason
Heiðís Huld Helgadóttir
Hrafn Sveinbjörnsson
Systkini og ástvinir

Sorphirða í Reykjanesbæ



Sorphirða í Reykjanesbæ er eitt af þeim málefnum sem hafa verið ofarlega í huga margra íbúa undanfarna mánuði. Lagabreyting varð á sorpflokkun sem tók gildi 1. janúar 2023. Um er að ræða lagabreytingar sem hafa verið kallaðar hringrásarlögin en markmið laganna snýr að því að draga úr myndun úrgangs og stuðla að stækkun hringrásarhagkerfis.

Stærstu breytingarnar fyrir íbúa snúa að meðhöndlun úrgangs við heimili en öll heimili þurfa að flokka pappír, plast, matarleifar og blandaðan úrgang (hann er ekki hægt að endurvinna). Auk þessara fjögurra flokka við heimili þá ber landsmönnum einnig að flokka textíl, gler, málma og spillefni sem hægt er að fara með á grenndarstöðvar og á móttökuplön Köllu.

Áður vorum við íbúar á Suðurnesjum með eina tunnu undir pappír og plast og eina tunnu undir blandaðan úrgang sem tæmdar voru á fjórtán daga fresti. Þegar ný flokkun tók gildi í landinu þá fengum við íbúar eina tunnu undir pappír, eina tunnu undir plast og eru tæmingar á fjögurra vikna fresti í stað tveggja. Svo er ein tvískipt tunna undir blandaðan úrgang og lífrænan úrgang sem er tæmd á tveggja vikna fresti.

Kalka er sameignarfélag í eigu sveitarfélaga á Suðurnesjum sem annast meðhöndlun úrgangs á Suðurnesjum þar á meðal sorphirðu frá heimilum. Sorphirða frá heimilum er boðin út til undirverk-taka sem sjá um tæmingar. Terra hefur þjónustað sveitarfélögin á Suðurnesjum undanfarnin sex ár, síðan 2018. Eftir útboð á sorphirðu sem lauk 28.09.2023 þá mun Terra áfram sinna losun á blönduðum

úrgangi og lífrænum úrgangi sem og tæmingum á grenndarstöðvum. Íslenska gámafélagið sinnir losun á pappír og plasti.

Skv.3. mgr. 23 gr. laga nr. 55/2003 um álögð gjöld af sorphirðu, mega þau ekki vera hærri en kostnaður af rekstri þjónustunnar. Innheimta sorphirðugjalda endurspeglast af raunkostnaði við veitta þjónustu. Til að kostnaðurinn sé eins hógvæð og kostur er, þá er hagstæðara að hafa færri tæmingar því ef tæmingum fjölgar þá hækkar kostnaðurinn einnig fyrir okkur íbúa.

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Þegar við flokkum vel og tryggjum gæði endurvinnsluefna hefur það áhrif á tekjur frá Úrvinnslusjóði sem ef vel er flokkað leiðir af sér lægri gjöld fyrir íbúa vegna meðhöndlunar úrgangs, þá getur það einnig verið á hinn bóginn ef illa er flokkað þá koma inn lægri tekjur frá Úrvinnslusjóði, sem þýðir hærri kostnaður fyrir okkur íbúa. Því lakari árangur sem næst við flokkun í sveitarfélaginu því minna fær sveitarfélagið greitt frá Úrvinnslusjóði. Því betri flokkun því hærri eru greiðslur frá Úrvinnslusjóði.

Fyrirtækjum og stofnunum er í sjálfsvald sett hvaðan þau kaupa þjónustu varðandi tæmingar á því sorpi sem fellur til hjá þeim og þau eru einnig bundin þessum lagabreytingum og þurfa að gera ráðstafanir til þess að framfylgja þessum lögum.

Allar breytingar og allt sem er nýtt tekur skiljanlega tíma til að aðlagast og læra á. Það er örugglega eitthvað sem hefði mátt gera betur í undirbúningsferlinu en þessi lög eru í gildi og eftir þeim

ber að fara. Svona er flokkunin og sorplosunin, hvernig get ég aðlagð mig og mína flokkun að henni er spurningin sem við þurfum að spyrja okkur að. Núna í desember og sérstaklega í kringum jól- og áramót hafa grenndarstöðvar verið nánast allar smekkrullar þrátt fyrir losanir yfir hátíðarnar sem hefur valdið óánægju hjá íbúum. Augljóst er að bæta þarf tæmingar yfir hátíðirnar og er það til skoðunar hjá Köllu, því það er víst að jólnir koma alltaf einu sinni á ári. Að mínu mati eru grenndarstöðvar of fáar, einingarnar of litlar og opin á þeim of lítil. Það eru fimm grenndarstöðvar í Reykjanesbæ í dag, staðsetningu grenndarstöðva má finna á <https://www.kalka.is/is/grenndarstodvar/almennt>. Það er í vinnslu að fjölga þeim ásamt breyttu fyrirkomulagi á þeim. Það er á áætluð að þær breytingar verði komnar í gang núna í sumar og verður það vonandi til hagræðingar fyrir íbúa að geta farið á þá grenndarstöð í sínu nærumhverfi með það sem þarf. Ég hvet íbúa til að kynna sér flokkun á <https://www.reykjanesbaer.is/is/thjonusta/skipulags-og-byggjngarmal/sorphirða> þar sem eru mjög greinargóðar upplýsingar um flokkun og hvað fer í hvaða flokk. Hér er einnig tengill inn á leitarvél ef það ef einhver vafi í hvaða flokk eigi að henda <https://www.sorpa.is/frodleikur/eitt-flokkunarkerfi-og-sofnum-a-matarleifum/>.

Dýana Hilmaradóttir,
bæjarfulltrúi Framsóknar-
flokksins og íbúi í Reykjanesbæ.

Móttaka hælisleitenda og náttúruhamfarir



Þjóðin stendur nú frammi fyrir einni stærstu áskorun sem hún hefur séð í áratugi. Náttúruhamfarir í Grindavík og áframhaldiandi óvissa tengd þeim hafa orsakað fordæmalaugar aðstæður þar sem 3.700 manns, eða 1% þjóðarinnar, þurfa nú að finna sér nýtt heimili á nýjum stað.

Í þessu samhengi verður að taka heildarlega umræðu um þann fjölda erlendra ríkisborgara sem koma til landsins í hverjum mánuði og fá hér endurgjaldslaust húsnæði, heilbrigðisþjónustu, skólaþjónustu, félagsþjónustu og framfærslustyrk. Undanfarna mánuði hafa tíu manns komið daglega til landsins og óskað eftir alþjóðlegri vernd. Þetta gera 300 manns á mánuði, eða sem nemur íbúafjölda Grindavíkur á ári. Álagið sem þessu fylgir er mikið, einkum og sér í lagi á sveitarfélögin á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Öllu þessu

getum við ekki sinnt eins og ekkert hafi í skorist. Sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa lýst því yfir að þau séu komin að þörmörkum í mót-töku hælisleitenda. Þessi sömu sveitarfélög standa nú frammi fyrir enn frekari áskorunum, að taka á móti Grindvíkingum sem nauð-beygðir þurftu að yfirgefa heimili sín í skyndi.

Neyðarástand vegna náttúruhamfara

Hælisleitendum sem hingað koma þarf að tryggja húsnæði og þeim þarf að veita þjónustu. Segja má að Grindvíkingar séu þó verr settir þar sem þeir fá ekki endurgjaldslaust húsnæði og þurfa að greiða af húsnæði sem þeir geta ekki búið í. Beinn kostnaður ríkissjóðs vegna hælisleitenda nemur rúmum milljarði króna á mánuði. Þá er ekki talinn með óbeinn kostnaður eins og heilbrigðis-

þjónusta. Ísland er fámennasta þjóð Evrópu en tekur hlutfallslega á móti flestum hælisleitendum í álfunni. Við tökum til að mynda á móti fleiri Palestínumönnum en öll Norðurlöndin til samans. Þegar kemur að hælisleitendum frá Venesúela erum við í fjórða sæti meðal 27 landa Evrópusambandsins, þar sem 450 milljónir manna búa. Við tökum á móti margfalt fleiri heyrnarlausum hælisleitendum en þjóðir ESB. Á sama tíma stendur ríkissjóður frammi fyrir verulegum útgjöldum vegna náttúruhamfara. Á Íslandi ríkir neyðarástand, óvissa um frekari hamfarir og húsnæðisskortur.

Loka ber landinu tímabundið fyrir hælisleitendum

Undir þessum kringumstæðum þarf að forgangsraða verkefnum og fjármunum ríkissjóðs. Taka ber þá ákvörðun strax að loka landinu tímabundið fyrir hælisleitendum. Taka tímabundið upp virkt landmæraeftirlit og vegabréfaskyldu, eins og heimilt er samkvæmt Schengen-samstarfinu. Ísland er fullvalda þjóð og hefur allan rétt til að taka slíka ákvörðun á grundvelli neyðarréttar. Við verðum að snúa okkur að okkar innri málum. Okkur ber fyrst og fremst skylda til að hlúa að eigin þjóð á erfiðum tímum. Neyðarástand kallar á neyðarástafanir. Ráðstafanir þar sem Grindvíkingar sæta forgangi.

Birgir Þórarinnsson
Höfundur er alþingismaður.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

ÓLAFUR INGVI KRISTJÁNSSON,

Njarðarvöllum 6, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 16. janúar.

Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 26. janúar klukkan 12.

Garðar Ólafsson Aðalheiður Gestsdóttir
Inga Ósk Ólafsdóttir Sigurvin Bjarnason
Heiða Ósk Jóhannsdóttir
Aron Burkni Andrason
Ólafur Ingvi Hansson Erna Lind Teitsdóttir
Thea Liv Ólafsdóttir
Brynjar Þór Hansson Salka Björt Kristjánsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

GUÐRÚN BJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR,

Framnesvegi 20-22, Keflavík,

varð bráðkvödd á Tenerife fimmtudaginn 4. janúar.

Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 30. janúar klukkan 13.

Sverrir H. Sverrisson Hildur Þorgrímsdóttir
Rúna Björg Sverrisdóttir
Unnur Birta Sverrisdóttir
Katla Sif Sverrisdóttir
Unnur Svava Sverrisdóttir Jóhannes Harðarson
Emelía Guðrún Jóhannsdóttir
Arna Huld Jóhannsdóttir
Alexander Snævar Jóhannesson
Haukur Snævar Jóhannesson
og systkini hinnar látnu



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

RUNÓLFUR J. SÖLVASON,

Sólvallagötu 18, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 16. janúar.

Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju mánudaginn 29. janúar klukkan 12.

Anna Kristín Runólfssdóttir Brad Zeuge
Linda María Runólfssdóttir Guðni Arason
Birgir Þór Runólfsson Guðlaug B. Matthíasdóttir
barnabörn og barnabarnabörn





Mun ítarlegri umfjöllun og myndir frá valinu á íþróttafólki Reykjaneshæjar birtist á

vf.is

ÍÞRÓTTAFÓLK REYKJANESBÆJAR 2023:

Það er ekkert annað sem kemur í stað golfsins

– segir Logi Sigurðsson, íþróttamaður Reykjaneshæjar 2023.

Kylfingurinn Logi Sigurðsson úr Golfklúbbi Suðurnesja er íþróttamaður Reykjaneshæjar 2023 en hann var heitur í golfinu á síðasta ári. Logi varð klúbbmeistari GS í annað sinn, tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í golfi og endaði sem stigameistari GSÍ 2023.

Logi, til hamingju með titilinn. Síðasta ár var nokkuð gott hjá þér. Þú vannst Íslandsmeistaratitil, varðst klúbbmeistari – gerðir þú eitthvað fleira á golfvöllinum?

„Já, ég varð stigameistari Golfsambands Íslands, ég komst líka í landsliðið og síðan keppti ég í úrtökumóti fyrir Nordic League og komst í gegnum það. Þannig að ég er kominn með nokkur mót á Nordic-mótaröðinni á þessu ári.“

Og heldur væntalega áfram að taka þátt í henni.

„Já, ég ætla að byrja núna hægt og rólega að fara meira út og keppa í atvinnu-mennsku.“

Fyrir utan Íslandsmeistaratitilinn, hvað stóð upp úr í þínu keppnisgolfi á síðasta ári?

„Það er dálítið erfitt að segja en það var eiginlega bara stigameistaratitilinn, lokamótið hjá GSÍ þar sem ég endaði í öðru sæti og náði að halda ró og klára þetta þannig að ég yrði efstur.“

Hvað er svo framundan hjá Íslandsmeistaranum í golfi?

„Ég er að fara út að kenna og í fararstjórn núna í vor. Síðan er ég bara að bíða eftir að golfsumarið byrji og fer mögulega út til Bretlands í júní og keppi á stórum mótum.“

Þú ert bara að vinna við golfið, fyrstu ekki í golfkennaranámið?

„Jú, ég er í náminu núna og er búinn með eitt og hálf ár af þremur árum. Ég er bara



Logi átti frábæru gengi að fagna á golfvöllinum í fyrra.

að farastjórst og kenna smá þarna úti.“

Þannig að lífið snýst að mestu um golf og kemur til með að gera það á næstunni.

„Já, það er ekkert annað sem kemur í stað golfsins.“

Hvað ertu búinn að vera lengi í golfi? Þú varst í fleiri íþróttum áður.

„Já, ég byrjaði í fótbolta þegar ég var krakki. Ég var alltaf í fótbolta, fór síðan aðeins í handbolta en ég á stutt að sækja í golfið þannig að maður var alltaf í þessu sem

krakki. Ég mætti á fyrstu golfæfinguna í janúar 2017 og varð alveg dolfallinn fyrir að æfa og keppa. Hef bara ekki hætt síðan.“

Þótt Logi hafi ekki æft golf lengi virðast hæfileikarnir liggja í genunum en faðir Loga, Sigurður Sigurðsson, varð Íslandsmeistari í golfi árið 1988.

„Það er gott að hafa þessi gen. Afi er líka margfaldur öldungameistari, Örn Ævar, frændi minn, er Íslandsmeistari – þetta er stutt að sækja.“

Heldurðu að þú toppir þessa menn eða ertu kannski búinn að gera það?

„Ég myndi segja að ég sé búinn að gera það. Nei, ég á eftir að ná aðeins lengra. Ég er mögulega að fara að keppa í sama móti og Örn Ævar keppti í og setti vallarmet, 63 högg [Örn Ævar keppti í móti á áhugamannaröðinni St. Andrews Links Trophy á Nýja vellinum í St. Andrews árið 1998]. Kannski á ég bara eftir að bæta vallarmetið, það kemur í ljós,“ sagði Logi hlæjandi að lokum.

Lífið snýst um hesta og fjölskylduna mína

– segir Jóhanna Margrét Snorradóttir, íþróttakona Reykjaneshæjar 2023.

Knapinn Jóhanna Margrét Snorradóttir úr Hestamannafélaginu Mána er íþróttakona Reykjaneshæjar 2023 en hún gerði frábæra hluti á heimsmeistaramóti íslenska hestsins sem fór fram í Hollandi síðasta sumar. Þar vann Jóhanna tvöfaldan sigur en hún keppti í fjörgangi V1 og tölti T1. Ekki nóg með að Jóhanna sé keflvísk heldur er gæðingurinn sem hún keppti á einnig af Suðurnesjum, Bárður frá Melabergi á Stafnesi.

Jóhanna, til hamingju með að vera íþróttakona Reykjaneshæjar 2023. Þú vannst til heimsmeistaraverðlauna á árinu, tveggja meira að segja.

„Takk fyrir það. Já, ég vann til tveggja heimsmeistaratitla og einna silfurverðlauna,“ sagði íþróttakona Reykjaneshæjar sem keppti á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Hollandi á síðasta ári.

Þú hefur væntanlega gert eitthvað fleira en að taka þátt í heimsmeistaramóti.

„Já, ég var líka þrefaldur Íslandsmeistari og Reykjavíkurmeistari. Þetta var alveg svakalega gott ár, ótrúlega magnað.“

Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Hollandi hlýtur að hafa verið mikil upplifun.

„Já, það stóð klárlega upp úr og var ótrúleg upplifun.“

Súrsætt kannski því þú verður að skilja við gæðinginn sem þú vannst til verðlaunanna á.

„Já, þau [hrossin] mega ekki koma aftur inn til Íslands svo við verðum að selja hestana okkar og þeir fara eitthvað annað – en ég er gríðarlega heppin því ég er í miklu sambandi við núverandi eiganda og er búin að fljúga tvisvar út til Sviss að kenna og er ég með annan fótinn þar til að hjálpa nýjum eiganda með hestinn. Ég er gríðarlega þakklát fyrir það.“

Þannig að þú ert að hitta Bárð frá Melabergi áfram.

„Já, og fæ sendar myndir, þannig að ég er í miklu sambandi við hann.“

Ertu komin með nýjan hest til keppnis?

„Já, ég er með tvo, þrjá keppnishesta og auðvitað stefnir maður alltaf að því að ná góðum árangri. Svona árangur er svolítið einstakur, það verður erfitt að toppa þetta.“



Jóhanna á Bárði frá Melabergi á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í fyrra.

Hesturinn hlýtur að spila stóran þátt í þessu þótt stjórnandinn sé aðalatriðið.

„Já, það er svo margt sem spilar inn í í þessu sporti. Hesturinn þarf að vera í gríðarlega góðu formi, maður sjálfur þarf líka að vera í góðu formi á réttum tíma og taka skynsamlegar ákvarðanir, þær eru margar á bak við einn svona stóran titil.“

Líf þitt snýst í grófum dráttum um hesta, er það ekki?

„Jú, það er í raun og veru hestar og fjölskyldan mín. Það er bara svoleiðis.“

Hvort er í forgangi?

„Það er ekki hægt að segja,“ sagði Jóhanna Margrét að lokum og hló.

Maður áttar sig kannski ekki á framförunum

Landsliðskonan og fjórföld körfuknattleikskona Íslands, Sara Rún Hinriksdóttir, hefur gengið til liðs við körfuknattleikslíð Keflavíkur að nýju eftir að hafa spilað að mestu erlendis undanfarin níu ár. Sara spilaði síðast undir merkjum Keflavíkur árið 2019 þegar hún lék ellefu leiki í deild og úrslitakeppni en hún rifti samningi sínum við spænska liðið Sedis Bàsquet fyrr í þessum mánuði. Víkurfréttir heyrðu í Söru og byrjuðu á að spyrja hvernig tilfinning það væri að vera komin heim.



Deildin á Spáni er örugglega skemmtilegasta deildin sem ég hef spilað í, af því að við vorum í EuroCup líka og komumst í sextán liða úrslit þar...

„Ég er ennþá að átta mig á því, ég hef ekki verið hér á þessum tíma árs svo lengi. Ég bað um að fara frá Sedis og þeir voru mjög skilningsríkir og leyfðu mér að fara. Ég er búin að vera úti í níu ár, litli bróðir minn var fjögurra ára þegar ég fór út en núna er hann að fara að fermast og tvíbúrasystir mín er komin með lítið barn svo núna langaði mig í fyrsta sinn að koma heim. Var komin með smá heimþrá,“ viðurkennir Sara Rún.

Var ekkert erfitt að velja á milli liða? Þér hafa væntanlega staðið opnar dyr hjá flestum liðunum hér heima.

„Ég er með umboðsmann sem hjálpar mér í þessu og hann talaði við þau lið sem mig langaði að hann myndi hafa samband við.

Jú, þetta var alveg erfitt. Aðvitað er Keflavík alltaf fyrsta liðið sem maður vill fara í. Ég talaði við marga þjálfara og það eru svo margir flottir hlutir að gerast í kvennakörfunni, virkilegur metnaður í gangi og fullt sem maður væri til í að vera hluti af – en ég er mjög ánægð með valið mitt.“

Sara Rún samdi við Keflavík út yfirstandandi tímabil og segist ekki vera búin að ákveða neitt með framhaldið. Hvort hún fari út í atvinnumennsku eða eitthvað annað – hún er alla vega ekki nándar nærri hætt í körfubolta.

Hvernig hafa þessi níu ár verið, er þetta ekki búíð að vera ævintýri?

„Jú. Ég fór fyrst í háskóla í fjögur ár og fyrsta árið mitt var mjög erfitt. Ég var mjög léleg í ensku og einhvern veginn að læra í háskóla á ensku og vera í nýju umhverfi, var erfitt – svo tók það mig alveg heilt ár að venjast körfunni þar. Þessi fjögur ár voru frábær, mjög erfið að sjálfsögðu, en ég myndi mæla með þessu fyrir þær stelpur sem hafa tök á því og vilja,“ segir Sara og bætir við að eftir háskóla hafi hún verið ákveðin í að einbeita sér að því að ná langt í atvinnumennsku.

„Ég er mjög ánægð því eftir háskóla hafði ég ekkert hugsað mér að fara í lengra nám, kannski bara seinna meir, en svo var haft samband við mig frá skóla í Englandi og í fyrstu leist mér ekkert á það en svo skoðaði ég skólann og sá að hann var virkilega flottur. Skólinn, Loughborough University, var kosinn besti íþróttaskólinn í heiminum og þarna var t.d. virkilega gott íþróttafólk sem var að taka þátt í Ólympíuleikunum. Ég stökk á þetta því þarna var ég að fá góða menntun og fékk skólagjöldin greidd.“

Ég fíla breska menningu alveg í tætlur

Í háskóla fór Sara í heilsutengt nám og útskrifaðist með BS-gráðu í „Health and Wellness“. „Ég hafði hugsað mér að fara í nám í líffræði en mátti það ekki út af körfunni, svo ég valdi það nám sem líktist því einna mest. Ég hef mikinn áhuga



Körfuboltinn hefur veitt Söru tækifæri til að ferðast vítt og breytt um heiminn. Ítalía er uppáhaldsstaðurinn hennar og hér er hún í Feneyjum.

á því sem ég lærði í háskóla en ég sé meiri framtíð í viðskiptum og því fór í meistaranám í alþjóðaviðskiptum – og er að reyna að finna mér vinnu. Það væri draumur að finna vinnu sem væri blanda af þessu tvennu.“

Meistaránamið tók tvö ár og Sara spilaði körfu með liði skólans og þá lék hún einnig með Leicester Riders í ensku atvinnumannadeildinni. „Það var líka æði, ég fíla breska menningu alveg í tætlur og þetta var alveg svart og hvítt miðað við Ameríku. Það var samstarf á milli Loughborough og Leicester og ég spilaði einn leik í miðri viku fyrir skólann og svo um helgar spilaði með Leicester, það voru þá leikir í deild og bikar.“

Að hafa leikmann eins og Söru Rún hefur ábyggilega haft sitt að segja fyrir Leicester Riders því liðið vann WBBL-bikarinn í Bretlandi í fyrsta skipti með hana innanborðs.

„Eftir Bretland fór ég til Rúmeníu, sem var líka allt önnur upplifun. Það var mjög sérstakt, ég bjó í Constanta sem er við Svartahafið og þegar stríðið byrjaði [innrás Rússa í Úkraínu í febrúar 2022] varð maður var við sprengingar þarna rétt hjá í Svartahafinu. Það var líka ævintýri.

Svo spilaði ég á Ítalíu í fyrra. Það er eiginlega uppáhaldsstaðurinn minn, maturinn, umhverfið – það var bara geðveikt,“ segir Sara og uppveðrast öll. „Ég bjó líka í Romagna-héraðinu sem er þekkt fyrir matarmenningu og svoleiðis.“

Skemmtilegasta og sterkasta deildin

„Svo var Spánn líka frábær. Það er örugglega skemmtilegasta lið sem ég hef verið partur af – og eru náttúrulega ógeðslega góðar. Deildin á Spáni er örugglega skemmtilegasta deildin sem ég hef spilað í, af því að við vorum í EuroCup líka og komumst í sextán liða úrslit þar og við vorum að ferðast út um allt. Ég missti af mjög mörgum leikjum af því að ég var meidd í byrjun tímabilsins en ferðaðist alltaf með liðinu, maður var að sjá allar þessar stjörnur og keppa á móti þeim – sem var rosalega skemmtilegt.

Spænska deildin er allt öðruvísi en aðrar deildir sem ég hef spilað í, rosalega hraður bolti og maður þurfti að hugsa mikið í sókninni. Við æfðum líka mjög mikið því þú þarft að vera hundrað prósent tilbúin fyrir leikina.“

Þetta tímabil hefur augljóslega skilað sér í miklum bætingum hjá þér, þú ert búin að vera valin körfuknattleikskona ársins núna fjögur ár í röð.

„Já, ég held það og maður áttar sig kannski ekki á því. Af því að ég var fyrst í Rúmeníu og fór svo til Ítalíu sem er betri deild, síðan



Það var létt yfir meistarflokki Keflavíkur á æfingu daginn eftir að hafa tryggt sér sæti í undanúrslitum VÍS-bikarkeppni kvenna.



Sara Rún með kærastanum sínum, David Forsyth, í París en þau kynntust í skólanum í Bretlandi.

til Spánar sem er enn betri deild. Maður áttar sig kannski ekki á framförunum þegar maður er á sama tíma að leika gegn sterkari andstæðingum. Það er alla vega tilfinningin sem ég hef.“

Sara er búin að leika sinn fyrsta leik með Keflavík á þessu tímabili og byrjar nokkuð vel. Fyrsti leikurinn var í átta liða úrslitum

bikarsins gegn Haukum og var hún stigahæst í liðinu þegar Keflavík vann stórsigur 57:91.

„Þetta er virkilega flott lið og skemmtilegt hvernig við erum eiginlega allar frá Keflavík og þekkjumst, ég held að ég hafi spilað með þeim öllum áður. Sverrir [Þór Sverrisson] og Elli [Elentínus Margeirsson] eru að stýra þessu liði mjög vel. Ég er búin að vera með þeim í nokkra daga og náði að æfa tvisvar með þeim fyrir leikinn og það er bara frábær andi í liðinu. Ég er bara að koma inn í þetta og vonandi næ ég að styrkja liðið,“ sagði Sara áður en hún bætti við að hún stefni á að vinna titla með Keflavík í ár, bæði Íslands- og bikarmeistararitla.

VF ÍÞRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is

Myndir JPK og úr einkasafni

Ástandið hefur reynt á okkur Íslendingana í liðinu

Ólafur Ólafsson, fyrirliði körfuknattleiksliðs Grindavíkur, segir tímabilið hafa verið furðulegt en liðið geti farið langt. Með besta útlendinginn í deildinni.

Íslandsmót karla í körfuknattleik hefur sjaldan eða aldrei verið eins spennandi og má segja að nú lið geri tilkall til titilsins í vor. Lið Grindavíkur er eitt þeirra, liðið er mjög vel mannað og er á pappír á pari við þau bestu. Tímabil þeirra hefur hins vegar verið mjög furðulegt vegna hamfaranna í Grindavík. Liðið þurfti að æfa á nokkrum stöðum fyrstu dagana, vel gekk að gíra mannskapinn upp í fyrsta leiknum eftir 10. nóvember en svo kom ansi mikil dýfa en liðið hefur síðan rétt úr kútnum og unnið fjóra leiki í röð í deildinni.

Ólafur Ólafsson er fyrirliði liðsins. „Ég hef það bara þokkalegt í dag, tek einn dag í einu og reyni að njóta lífsins. Þetta er auðvitað búið að vera mjög furðulegt tímabil, við þurftum að æfa á nokkrum stöðum til að byrja með en í fyrsta leiknum eftir hamfarirnar gekk okkur mjög vel að gíra okkur upp með þann frábæra stuðning sem við fengum þann dag. Eftir það var aðeins eins og við hefðum lent á vegg, frammi-standan var alls ekki nógu góð og við lentum í lægð. Þetta ástand reyndi einfaldlega á okkur Íslendingana, sumir voru að flytja á milli íbúða, við æfðum hér og þar svo þetta

var erfitt hjá okkur um tíma. Við náðum síðan tveimur góðum sigrum fyrir jólafríð og höfum svo verið nokkuð góðir á þessu ári og unnið alla leikina okkar í deildinni. Það voru auðvitað vonbrigði að tapa bikarleikum á móti Álfanesi á sunnudagskvöldið, það hefði verið gaman að fara með bæði liðin okkar í bikarvikuna í Laugardalshöllinni en við áttum einfaldlega lélegan dag og Álfnesingar voru betri.“

Ólafur vakti athygli eftir síðasta tímabil þegar hann kallaði eftir meiri metnaði hjá stjórninni og vildi að liðið yrði styrkt. Ákallið náði eyrum stjórnarfélks og má segja að Grindavíkurliðið sé, á pappír, á pari við bestu lið landsins. Sérstaka athygli vakti koma Bandaríkjamanns sem spilar sem Evrópumaður á ungversku vegabréfi. „Deandre Kane er langbesti leikmaður sem ég hef æft og spilað með, einfalt. Ég tel hann vera besta leikmanninn í deildinni. Hann er ótrúlega metnaðarfullur og þolir einfaldlega ekki ef liðsfélagar hans eru ekki að standa sig. Þá hleypur í hann pirringur og það er einfaldlega okkar hlutverk að standa okkur svo hann nái því besta út úr sjálfum sér. Hann er þannig karakter að ef hann er í girnum

eru allir í kringum hann í girnum og eins á hann til að draga okkur niður ef hann er ekki að finna sig. Það er á ábyrgð okkar eldri leikmannanna og þjálfaranna að halda honum á tánum þegar skapið hleypur með hann í gönur. Við erum allir í þessu saman, við erum með sömu markmið og það er að vinna. Gott dæmi um þegar hann pirrar sig er þegar við spiluðum við Val í deildinni fyrir áramót. Hann byrjaði að dekkja Kristinn Pálsson og Kiddi skoraði ekki stig. Á meðan var Kaninn hjá Val að salla niður körfum svo Kane fór á hann og slökkti í honum. Kaninn skoraði ekki stig eftir að Kane fór á hann en þá datt Kiddi í gang. Hann verður eðlilega pirraður þegar hlutirnir eru svona en ég hef engar áhyggjur af honum. Ég held að hann og liðið okkar eigi bara eftir að vaxa og dafna og við komum á bullandi siglingu inn í úrslita-keppnina,“ segir Ólafur.

Ljónagryfjan heimavöllur Grindvíkinga í framtíðinni?

Ólafur og hans fjölskylda voru heppin, þau komust í íbúð í Reykjavík 12. nóvember en samt var erfitt að halda rútinu því



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

Óvissa um framtíðina

börnin eru á leikskólaaldri og komust ekki í leikskóla til að byrja með. Það reyndi á „Íbúðin sem við erum búin að vera í er frekar lítil svo það hefur verið þröngt á þingi hjá okkur en við erum að komast í stærri íbúð, sem reyndar er tóm, vonandi getum við sótt búslóðina okkar fljótlega til Grindavíkur. Við eigum tvö börn, fimm ára stelpu og tveggja ára stráka, það verður gott þegar þau komast í sín herbergi en við Katrín konan mín höfum verið með þau í síthvoru herberginu til þessa. Fyrstu vikurnar var krefjandi að vera með börnin allan daginn og hafa ofan fyrir þeim, sem betur fer fóru svo leikskólarnir að opna og það létti helling undir með okkur en því miður virðist vera komið eitthvað bakslag í það. Við höfum verið að reyna komast inn í leikskóla í Hafnarfirði en þá þurfum við að skrá lögheimilið okkar þar, Hafnafjarðarbar virðist ekki geta gefið sömu undanþágu frá því og önnur sveitarfélög. Ég var að vinna í íþróttahúsinu í Grindavík og hef verið að vinna í safnskólunum og í klefávörslu í leikfimi skólabarnanna. Það er gott að geta haft rútinu.“

Framtíð körfuknattleiks í Grindavík er í uppnámi vegna óvissunnar sem gæti verið í nokkur ár ef því er að skipta. Hvað verður um íþróttir í Grindavík? Ólafur vill ekki mála skráttann á vegginn.

„Ég get ég ekki hugsað þá hugsun til enda að þetta sé síðasta tímabilið í einhvern tíma þar sem við spilum undir merkjum Grindavíkur. Mér sýnist nokkuð ljóst að við þurfum að búa okkur til nýjan heimavöll tímabundið, af hverju ekki að fara í Ljónagryfjuna? Njarðvíkingar munu leika heima-leiki sína á næsta tímabili í nýja íþróttahúsinu í Innri-Njarðvík. Því skyldum við Grindvíkingar ekki bara gera Ljónagryfjuna að okkar heimavelli? Annars vil ég ekki hugsa of mikið um þetta, vil bara einbeita mér að þessu tímabili og ætla mér að landa Íslands-meistaratitli. Við erum með mannskapinn í það og ef við höldum rétt á spöðunum getum við endað með þann stóra í okkar höndum, það yrði ótrúlega skemmtilegt að geta fært Grindvíkingum þá gjöf á þessum erfiðu tímum sem við erum að upplifa,“ sagði Ólafur að lokum.

1X2 „ÞRUMAD Á ÞRETTÁN“

Marteini tókst hið ómögulega

Það kom að því að Sandgerðingurinn Grétar Ólafur Hjartarson þyrfti að lúta í lægra haldi, hann mætti Vogaidýfunni Marteini Ægissyni og fóru leikar 7-8 fyrir Marteini. Grétar er samt ansi líklegur til að vera búinn að tryggja sig í undanúrslitin en fjórir efstu í tipleik Víkurfrétta munu mæstast í næstsíðustu umferðinni og sigurvegarnir svo í hreinum úrslitaleik um ferð á úrslitaleikinn í FA cup, enska bikarinn á Wembley 24. maí. Staðan í heildarleikum er svona núna:

Grétar Ólafur Hjartarson, 46 leikir réttir, Hámundur Örn Helgason, 34 leikir réttir, Jónas Þór-hallsson, 26 leikir réttir og Petra Ruth Rúnarsdóttir, 17 leikir réttir

Það voru bara sex tipparar, enginn frá Íslandi, sem náðu öllum þrettán leikjunum réttum og fékk hver um sig rúmar 30 milljónir í sinn hlut. 222 tipparar, þar af sex Íslendingar náðu tólf réttum og fékk hver rúmar 156 þúsund krónur.

Áskorandi vikunnar er Keflvíkingurinn Gísli Hlynur Jóhannsson. Hann býr í Njarðvík en er gallharður Keflvíkingur, Leeds-ari, var meira í handbolta en fót-bolta sem leikmaður en sneri sér svo að dómgæslu í báðum greinum. Hann dæmdi í efstu deild karla í knattspyrnu og dæmdi erlendis á árunum 1996 til 2006, þá dæmdi Gísli í handbolta í 34 ár, hætti fyrir sjó árum en hefur verið í eftirliti með leikjum síðan þá. Það var einmitt í knattspyrnu dómgæslu sem leiðir Gísla og Marteins lágu fyrst saman.

„Ég hef fylgst með þessum tippdálki í allan vetur og hef haft mikið gaman af. Mér fannst athyglisvert að lesa síðasta dálk þar sem Marteinn var að gorta sig af frammistöðu sinni á móti Grétari í knattspyrnuleik og kenndi dómgæslu um hörmungar sínar og sinna manna í Þrótti. Það rétta er að Gulli Hreins var með sitt á hreinu og dómgæslan í þessum leik var upp á tíu. Ég var farinn að vorkenna Marteini í þessari vonlausu baráttu sinni gegn Grétari og dæmdi, eftir á að hyggja, of mikið á Grétar. Ef ég hefði ekki kennt svona í brjósti um Marteinn, hefði Grétar sennilega komist í tveggja stafa tölu í markaskorun í þessum leik.“

Annars er ég gallharður stuðningsmaður Leeds og hef verið frá 1973. Ég á tvö börn, ól þau að sjálfsögðu upp á réttan máta og við áttum góða stund saman um daginn á Elland Road, heimavelli Leeds. Okkar menn eru í fjórða sæti eins og sakir standa, ég vona að þeir muni tryggja sig beint upp með því að lenda í öðrum af tveimur efstu sætum – annars klárur við þetta bara í umspilinu,“ sagði Gísli.

Marteinn var nývaknaður þegar blaðamaður náði tali af honum. „Þetta er búið að vera rosalegt, stans-

laus sigurrátið síðan á laugardagskvöld og má segja að ég sé búinn að vera eins og í guðatölu í Vogum síðan þá. Ég hef varla getað sofíð, svo mikið hefur stuðið verið en bæði var skotið upp miklu magni af flugeldum og við fengum fullt af listamönnum til að heiðra mig og þennan árangur, að hafa unnið Grétar. Núna þarf ég að koma mér niður á jörðina sem fyrst og einbeita mér að rímmunni gegn Gísla. Ha, segist hann hafa dæmt leikinn forðum á móti Grétari? Eg vísa þessum lýsingum hans á leiknum, algerlega til föðurhúsanna! Fyrst hann talar svona vitleysu ætla ég ekki að sýna honum neina miskunn á laugardaginn og stefni á að rúlla honum all rækilega upp. Ég man nú eftir þegar Gísli dæmdi handboltaleik hjá okkur í Þrótti Vogum árið 2006 á móti ÍR í bikarinn. Við töpuðum leiknum 15-38, Gísli sleppti u.þ.b. tuttugu línur á ÍR sem urðu að lokum bikarmeistarar með Bjarna Fritz, Ingimund og fleiri kempur. Nokkuð ljóst að ef Gísli hefði dæmt allar þessar línur, hefði Þróttur Vogum hugsanlega orðið bikarmeistari árið 2006,“ sagði ný tippmeistarinn að lokum.



Marteinn	Séðill helgarinnar	Gísli
☒ ☒ ☒	Fulham - Newcastle	☒ ☒ ☒
☒ ☒ ☒	Everton - Luton	☒ ☒ ☒
☒ ☒ ☒	Leeds - Plymouth	☒ ☒ ☒
☒ ☒ ☒	Leicester - Birmingham	☒ ☒ ☒
☒ ☒ ☒	Sheff.Utd. - Brighton	☒ ☒ ☒
☒ ☒ ☒	Millwall - Preston	☒ ☒ ☒
☒ ☒ ☒	Sunderland - Stoke	☒ ☒ ☒
☒ ☒ ☒	Blackpool - Charlton	☒ ☒ ☒
☒ ☒ ☒	Bristol Rovers - Oxford Utd.	☒ ☒ ☒
☒ ☒ ☒	Cambridge Utd. - Burton Albion	☒ ☒ ☒
☒ ☒ ☒	Lincoln - Peterboro	☒ ☒ ☒
☒ ☒ ☒	Reading - Leyton Orient	☒ ☒ ☒
☒ ☒ ☒	Wigan - Stevenage	☒ ☒ ☒

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Vinnuskóli Reykjanesbæjar

Forstöðumaður Vinnuskóla
Umsjónaraðili samskipta (aðstoðarforstöðumaður)
Umsjónaraðili verklegs starfs (yfirflokkstjóri)
Leiðbeinandi ungmenna með sértækar stuðningsþarfir (flokkstjóri)
Leiðbeinandi (flokkstjóri 100% starf)
Leiðbeinandi (flokkstjóri 50% starf)

Önnur störf

Akurskóli - Umsjónarkennari á miðstigi
Byggðasafn Reykjanesbæjar - Sérfræðingur
Leikskólinn Holt - Leikskólakennari/Starfsmaður
Leikskólinn Holt - Leikskólastjóri
Myllubakkaskóli - Kennari á unglíngastigi
Velferðarsvið - Starfsmaður í frístundarstarfi (Skjólíð)
Velferðarsvið - Sérfræðingur í barna- og fjölskylduþeymi

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn
Hefur þú áhuga á að starfa við liðveislu?

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS



JAFNLAUNAVOTTUN
2023 - 2026

Yfir 300 störf á flugvellingum í sumar

Alls verða yfir 300 fjölbreytt og skemmtileg sumarstörf í boði í ár á Keflavíkurflugvelli (KEF). Spáð er miklum umsvifum í KEF í sumar en farþegaspá flugvallarins gerir ráð fyrir tæplega 5,8 milljónum farþega yfir sumarmánuðina, apríl til október, sem er 7,2% aukning frá fyrra sumri.

Alls gerir spáin ráð fyrir 8,5 milljónum farþega á árinu, þar af tæplega 2,4 milljónum erlendra ferðamanna. Gangi spáin eftir verður árið 2024 það þriðja stærsta í sögu KEF og það stærsta í komu erlendra ferðamanna til Íslands.

Á síðari hluta ársins verður austurálma, ný viðbygging við flugstöðina, tekin að fullu í notkun en framkvæmdir hófust þar árið 2021. Bætast við nýir landgangar og rúmbetra setusvæði fyrir verslanir og veitingastaði, auk þess sem nýr töskusalur var opnaður þar á síðasta ári. KEF er í stöðugri þróun sem miðar að því að bæta aðstöðu á flugvellingum til að tryggja betri þjónustu og upplifun fyrir gesti.

Samkaup, Heimkaup og Orkan taka upp könnunarviðræður

Könnunarviðræður um mögulegt samstarf eða samruna Samkaupa, Heimkaupa og Orkunnar ásamt dótturfélögum eru hafnar að beiðni SKEL fjárfestingafélags hf. Viðræðurnar byggja á yfirlýsingu Samkaupa hf. og SKEL fjárfestingafélags hf., sem er aðal-eigandi Heimkaupa og Orkunnar.

Það er mat stjórnar Samkaupa að með mögulegu samstarfi eða samruna eins eða fleiri félaga felist möguleikar sem geti stutt við framtíðaráætlanir félagsins. Samkaup hefur áður upplýst um áform sín um skráningu á markað. Bæði félög hafa ráðið utanaðkomandi ráðgjafa sem munu leiða öflun gagna á meðan viðræðum stendur og tryggja að unnið sé samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga.

„Samkaup hafa aukið hlutdeild sína á matvörumarkaði á undanförunum árum, en það eru enn mikil tækifæri til að bjóða fjölbreyttara vöruúrval og þjónustu um allt land með frekari vexti. Með þessum viðræðum viljum við skoða hvort við getum náð þessum markmiðum með mögulegum samruna,“ segir Gunnar Egill Sig-



urósson, forstjóri Samkaupa. „Það eru spennandi tímar framundan hjá Samkaupum og við finnum fyrir miklum áhuga og trú á það sem við höfum verið að gera. Nýleg kaup SKEL á 5% hlut Samkaupum er til marks um það.“

Samkaup reka 60 verslanir víða um land. Orkan starfrækir m.a. 72 orkustöðvar og Heimkaup reka m.a. sjö apótek undir merkjum Lyfjavals, netverslunina Heimkaup, 10-11 og Extra. Einn af stærstu eigendum Skels fjárfestingafélags er Jón Ásgeir Jóhannesson, stofnandi Bónuss.



Mundi

Þeir fengu bara vatn í glösin. Ekki viðeigandi að vera með gos!



Upp hefur komið tilfelli um njálg ...

Eftir tuttugu ára samfellda skólagöngu þriggja barna stóð mamma uppi sem sigurvegari í baráttunni gegn njálgum og lúsum. Ekki eitt einasta sníkjudýr hafði náð að festa sig í neinu barnanna og þar sem yngsta barnið var nú komið í 10. bekk gat hún loks andað léttar. Hins vegar höfðu önnur dýr komið og farið á þessum tíma og má þar nefna hunda, ketti, páfagauga, naggrísi, hamstra, fiska og kanínur. En njálg og lús höfðum við ekki séð, ónei.

Það var því eflaust mikil skellur þegar undirrituð fékk njálginn þremur dögum fyrir útskrift úr grunnskóla. Ekki nóg með það að stutt væri í útskrift heldur var unga daman nýbúin að eignast sinn fyrsta kærasta, sjálfan Rómeó á rauða hestinum og Júlía var komin með njálg! Samkvæmt Disney voru prinsessur heldur ekki með orma í rassinum og því hélt hin sextán ára ég að þarna væri lífið búið, ævintýrinu lokið um leið og það byrjaði. Grátbólgin og skömmustuleg tilkynnti ég honum tíðindin á milli ekkasoganna.

Ekki nóg með það, því á þessum tíma hjuggu bæði systkini mín heima með mökum sínum í hálfgerðu millibilsástandi. Það þýddi að heilar átta manneskjur þurftu að taka inn njálgatöflurnar. Verst fannst okkur þó að þurfa að þrifa herbergin hátt og lágt en eflaust hefur ýmislegt komið í ljós við þrífir í unglíngaherbergjunum sem var enn verra en njálgurinn.

Tveimur vikum síðar var svo boðið upp á seinni skammtinn, samkvæmt læknisráði, í matarboði hjá mömmu. Lambasteikin var lögð á borðið ásamt meðlætinu og í forrétt var Vermox njálgalyf. „Gjössovel. Gjössovel. Gjössovel,“ sagði mamma á meðan hún gekk með pilluspjaldið og gaf hverju okkar eina töflu í útréttan lófann. Unglingurinn, með þykkt lag af meiki og ofplokkaðar augabrúnir, sökk enn lengra niður í sætið og hugsaði með sér hvort ekki hefði verið betra að hræra þetta beint út í sósuna og sleppa þannig við skömmina.

Ekki hafði ég verið mikið fyrir skordýrin áður og höfðu mín viðbrögð ætíð verið að reyna forða mér í burt sem fyrst þegar kvikindin urðu á vegi mínum. En þegar njálgurinn er annars vegar er hvorki hægt að fela sig né flýja, hann er nefnilega afar fylgið sníkjudýr rétt eins og lúsin. Því vil ég nýta tækifærið og senda hugheilar kveðjur til allra þeirra foreldra og barna sem fá slíka vágesti í heimsókn.

LOKAORD

ÍRISAR VALSDÓTTUR



María Petrína Berg ráðin leikskólastjóri nýs leikskóla við Drekaðal

María Petrína Berg hefur verið ráðin leikskólastjóri nýs leikskóla við Drekaðal í Reykjanesbæ. María Petrína lauk leikskólakennaranámi með B.Ed. gráðu frá Kennaraháskóla Íslands árið 2006 og M.Ed. í stjórnun menntastofnana frá Háskóla Íslands árið 2011. María Petrína hefur starfað sem leikskólastjóri í leikskólanum Holti frá árinu 2019 og starfaði þar áður í sjö ár sem leikskólastjóri hjá Félagsstofnun stúdenta.



Vaktstjóri í lokavöru

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stóriðjureynsla
- Eitt ár í leiðtogahlutverki æskilegt en ekki nauðsyn
- Öryggis- og umhverfisvitund
- Mikil mannleg færni og leiðtogahæfileikar
- Hæfni til að leiða teymi
- Hæfni til að vinna eftir ferlum
- Lausnamiðuð greining vandamála
- Umbótavinna
- Teymisleidd markmiðasetning
- Jákvæð og góð samskipti
- Góð enska bæði í töluðu og rituðu máli

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Öryggisatferlar
- Mannaforráð
- Framleiðsluferlar
- Gæðastjórnun
- Auðlindastjórnun
- Umhverfisvitund
- Samskipti
- Umbætur á ferlum og kerfum
- Innleiðing stefnu

Við hvetjum fólk til að sækja um óháð kyni. Við viðurkennum nám í stóriðjuskóla annarra fyrirtækja.

Umsóknarfrestur til 31.janúar 2024.

Umsóknir og frekari upplýsingar:
Marella Steinsdóttir,
mannauðsstjóri
marella.steinsdottir@pcc.is



pcc
Bakki Silicon®